

# Ársskýrsla

Sambands sveitarfélaga  
á Austurlandi 2015





SSA- Ársskýrsla 2015, september 2016

Útgefandi: Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)  
Umbrot: Esther Ösp Gunnarsdóttir- [www.gjallarhorn.is](http://www.gjallarhorn.is)  
Prentun: Héraðsprent  
Myndir: Daniel Byström og Andrés Skúlason

# Efnisyfirlit

Dagskrá aðalfundar	2
Ávarp formanns	4
Fundargerð aðalfundar	8
Skýrsla stjórnar	32
Ársreikningur	39
Heiðursgestur SSA 2015	50



*Fulltrúar á aðalfundi SSA 2. - 3. október 2015 á Djúpavogi*

# Dagskrá aðalfundar

## Föstudagur 2. október 2015

Kl. 09:00 Skráning fulltrúa- afhending gagna

Kl. 09:30 Fundarsetning  
Kosning fundarstjóra og ritara  
Kosning kjörbréfanefndar og nefndanefndar  
Skýrsla stjórnar SSA starfsárið 2014-2015  
Reikningar SSA fyrir árið 2014,  
endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2015,  
fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.  
Skýrslur stofnana er tengjast starfi SSA  
Ársskýrsla aðalfundar 2014

Kl. 10:00 Fyrirspurnir og umræður

Kl. 10:15 Tillögur frá stjórn og aðalfundarfulltrúum

Kl. 10:30 Málstofur- hópavinna

Umhverfismál

Innleiðing: Hildur Vésteinsdóttir- Umhverfisstofnun

Hópstjóri: Andrés Skúlason

Almenningssamgöngur

Innleiðing: Guðjón Bragason – Samband ísl. sveitarf.

Hópstjóri: Jón Björn Hákonarson

Ljósleiðaravæðing

Innleiðing: Páll J. Pálsson – Starfshópur innanríkisráðuneytis um alþjónustu í fjarskiptum og útbreiðslu háhraða nettenginga

Hópstjóri: Jón Þórðarson

Svæðisskipulag

Innleiðing: Stefán Gunnar Thors – VSÓ Ráðgjöf

Innleiðing: Matthildur Kr. Elmarsdóttir – Alta

Hópstjóri: Sigrún Blöndal

Þjónusta við fatlað fólk

Innleiðing: Karl Björnsson – Samband ísl. sveitarf.

Hópstjóri: Guðrún Frímannsdóttir

Kl. 12:00 Hádegisverður

Kl. 13:00 Ávörp

Ólöf Nordal – innanríkisráðherra

Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. NA-kjördæmis.

Kl. 13:45 Kynning á niðurstöðum málstofa

Umhverfismál: Andrés Skúlason

Almenningssamgöngur: Jón B. Hákonarson

Ljósleiðaravæðing: Jón Þórðarson

Svæðisskipulag: Sigrún Blöndal

Þjónusta við fatlað fólk: Guðrún Frímannsdóttir

Sigrún Blöndal, form. stjórnar SSA

Sigrún Blöndal, form, stjórnar SSA  
Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri  
sveitarstj.mála hjá Austurbrú

Sjá heimasíðu SSA – [www.ssa.is](http://www.ssa.is)  
Liggur frammi á fundinum  
Ársskýrslu SSA fyrir 2014-2015  
og fjárhagsgögnum vísað  
til nefnda.  
Tillögum vísað til nefnda

- Kl. 14:45 Álit kjörbréfanefndar og nefndanefndar  
Kl. 14:55 Fundi frestað- Nefndastörf  
Byggða- og atvinnumálanefnd  
Mennta- og menningarmálanefnd  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Allsherjar- og samstarfsnefnd  
Fjárhagsnefnd  
Kjörnefnd  
Kl. 17:45 Nefndarstörfum frestað  
Kl. 18:30 Óvissuferð í boði Djúpavogshrepps  
Kl. 20:30 Hátíðarkvöldverður  
Dagskrá í boði heimamanna.  
Meðal dagskrárliða eru afhending Menningarverðlauna  
SSA 2015 og ávarp heiðursgests SSA 2015.

### Laugardagur 3. október 2015

- Kl. 09:00 Afgreiðslur mála  
Ársreikningur 2014  
Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2015  
Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016  
Nefndaálit og tillögur  
Breytingar á samþykktum  
Kosningar samkvæmt samþykktum SSA  
Kjörnefnd: Stjórn SSA, samgöngunefnd, stjórn Atvinnuþróunarsjóðs, stjórn HAUST, skoðunarmenn, endurskoðunarfyrtæki, Héraðsskjalasafn Austurlands, Minjaráð.  
Kl. 11:30 Menningarstarf á Austurlandi  
Árangur í 14 ár  
Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi, Austurbrú  
Nýr samningur um sóknaráætlun  
Hanna Dóra Hólm Másdóttir, formaður stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, atv. og nýsk.rn.  
Ný sóknaráætlun Austurlands  
Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnisstjóri með gerð sóknaráætlunar, Austurbrú  
Kl. 13:00 Áætluð fundarlok – Myndataka/Hádegisverður  
Kl. 13:45 Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar SSA

# Ávarp formanns

Þingmenn, sveitarstjórnarfolk og aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur velkomin á 49. aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Við þökkum Djúpavogsbúum fyrir að taka á móti okkur.

Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með málum á Djúpavogi síðustu ár. Þar hafa menn upplifað skín og skúrir, þ.e. að sjávarbyggð heldur velli, íbúum fjölgar, samfélagið yngist og uppbygging á sér stað en svo í einu veffangi breytist allt þegar stór atvinnurekandi á staðnum ákveður að flytja starfsemi sína. Djúpvogur er að mörgu leyti byggðarlag sem hefur brugðist mjög skynsamlega við byggðapróuninni, t.d. með því að leggja mikla áherslu á umhverfismál, endurreisn gamalla húsa, áherslu á listir og skapandi framleiðslu ásamt því að hefðbundin sjósókn og vinnsla sjávarafurða hefur haldist, að nokkru leyti í breyttri mynd. Þar hefur skólastarf verið öflugt og mannlífið dafnað á þann veg að ungt fólk hefur flust til Djúpavogs og nærsveita til að takast á við ný og spennandi verkefni. Áfallið sem felst í því þegar stór atvinnurekandi tekur ákvörðun um að flytja starfsemiina er hins vegar það víðtækt að erfitt reynist að spyrna við. Þá reynast stofnanir ríkisins, sem ættu að geta komið til aðstoðar, býsna vanmáttugar og kerfið virðist ekki vinna með byggðarlaginu. Íbúar hér hafa hins vegar sýnt að þeir eru úr-

ræðagóðir og leysa verkefni af dugnaði og áræðni.

Í starfi okkar í stjórn SSA fjöllum við um margt sem varðar landshlutann – og gjarnan það sem tengist samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ákall um aukið fjármagn berst alls staðar að – og auðvitað er það fyrst og fremst hlutverk kjörinna fulltrúa í hverri sveitarstjórn að forgangsraða og taka ákvarðanir um hvernig verja skuli þeim fjármunum sem við höfum milli handa. En í mörgum málum finnast mér vera blikur á lofti og ástæða til að velta fyrir sér hver þróunin er: Við vitum að búskapur er forsenda þess að byggðirnar haldist lifandi en skortur á dýralæknum vekur ugg. Það er afleitt að starfs-umhverfi dýralækna sé þannig að ungt fólk fæst traúla til starfa utan höfuðborgarsvæðisins. Á sama hátt eru þættir eins og úrbætur í fjarskiptamálum svo brýn að ekki verður beðið lengur. Ákall fólks um betri fjarskipti koma stöðugt inn á okkar borð enda spurning um fýsileika þess að setjast að og lífsgæði, möguleika á menntun, afþreyingu og uppbyggingu atvinnu utan þéttbýlis – beinlínis. Það er þess vegna sem ein málstofan á eftir er helguð fjarskiptamálum og vonandi að þar verði góð og gagnleg umræða.

Samgöngumál eru annað mál sem við fjöllum stöðugt um. Eitt er að sveitarstjórnarmenn hafa mismunandi skoðanir á leiðum



*Sigrún Blöndal, formaður SSA*

og forgangsroðun, annað er að stjórnvöld ljúki áætlunum og setji fjármagn til uppbyggingar til viðhalds samgöngumannvirkja. Á síðasta ári sat fyrrverandi formaður SSA í starfshópi á vegum innanríkisráðuneytisins sem kanna átti verðlagningu á innanlandsflugi. Talsverðar vonir voru bundnar við niðurstöðu hópsins en að sama skapi voru þær vonbrigði. Úr vinnu hópsins kom að hlutur ríkisins í álögum á fargjöld væru um 1400 – 1700 krónur og því lítilvægur þáttur í heildarkostnaði við flugmiða. Flugsamgöngur eru eitt grundvallaratriði í almenningssamgöngum um landið og verður aldrei of oft bent á gildi þeirra. En eins og staðan er, er verðlagning þannig að fólk veigrar sér mjög við að fljúga nema brýna nauðsyn beri til og möguleikar fólks til að skreppa til höfuðborgarinnar til að sækja þjónustu og menningu því verulega takmarkaðir. Þetta ræddum við m.a. í tengslum

við samning um sóknaráætlun sem skrifað var undir í febrúar sl. Áhersla Austurlands hefur verið á að meta þurfi fjarlægðir inn í þeim útreikningum sem lagðir eru til grundvallar fjárfraðlögum. Vilji fjögurra manna fjölskylda, hjón og tvö börn, 10 og 13 ára frá Djúpavogi sækja listviðburð í Reykjavík, segjum t.d. að fara á leiksýninguna Hróa Hött – sem er sýndur í Þjóðleikhúsinu – keyrir hún fyrst í klukkutíma – ef Öxi er fær, eða tvo ef hún keyrir um firðina, tekur flug frá Egilsstöðum sem kostar 129 þúsund, þarf aðsetur í Reykjavík (ef hún getur ekki gist hjá ættingjum), og festir sér hótélíbúð sem kostar 27 þúsund (þau sluppu billega) og þá er kostnaðurinn við leiksýninguna orðinn 175.800 fyrir þau fjögur – en leikhúsmiðarnir eru 19.800 af því. Okkur hefur þótt takmarkaður skilningur á þessum aðstæðum okkar.

SSA hefur undanfarin misseri lagt mikla áherslu á vinnu við markaðsetningu Egilsstaðaflogvallar. Fyrir tveimur árum var ráðinn verkefnisstjóri fyrir framlag úr sóknaráætlun. Árangur þessarar vinnu er nú að verða áþreifanlegur og vonir um að millilandaflug muni fara af stað innan tíðar. Að mörgu hefur verið að huga í þessum undirbúningi og því hefur samvinna með þjónustuaðilum á svæðinu verið mikill. Það er ekki nóg að fá fulla þotu af ferðamönnum inn á svæðið; þeirra þarf að bíða eitthvað sem heldur í þá og gerir

að verkum að þeir kynna það fyrir öðrum og svo koll af kolli. Ég vil nota tækifærið og þakka sérstaklega starfsmönnum Austurbrúar þeirra mikla og góða framlag við þessa undirbúningsvinnu, að öðrum ólöstuðum Maríu Hjálmarsdóttur, verkefnisstjóra flugvallarverkefnis og Jónu Árnýju Þórðardóttur, framkvæmdastjóra Austurbrúar. Á næstu dögum verða væntanlega kynntar niðurstöðu úr vinnu starfshóps sem skipaður var af forsætisráðherra til að kanna hvernig koma mætti af stað reglulegu millilandaflugi frá Egilsstöðum og Akureyri. Vinna hópsins hefur m.a. falist í því að taka saman upplýsingar um kosti og regluverk þessu tengdu.

Undanfarið höfum við rætt við fjárlaganefnd og þingmenn um framlög til menntunar og rannsókna á Austurlandi. Lagðar hafa verið fram tölur og samanburður sem sýna að verulega hallar á Austurland þegar framlög til háskólanáms og rannsókna eru skoðuð. Framlög á íbúa á Austurlandi miðað við fjárveitingar í ár eru 5.200 kr. en 14.648 kr. á hvern íbúa á Vestfjörðum. Framlag á hvern íbúa í Þingeyjarsýslum er rúmlega 8.000 kr. Augljóst er af þessum tölum að bæta þarf verulega í fjárveitingar til Austurlands í þessum málaflökki. Það er afar brýnt að hægt sé að bjóða fjölbreyttara nám í fjarnámi og lengi höfum við talað fyrir því að auka verði rannsóknir á svæðinu - á mörgum fræðasviðum.

Verkefni SSA á næstu mánuðum eru ærin: Við fylgjum eftir verkefnum sem kostuð eru af sóknaráætlun en mikil vonbrigði eru að sjá hve lítið bætist við framlag til sóknaráætlana í þeim drögum að fjárlagafrumvarpi sem nú liggja fyrir Alþingi. Vonum við einlæglega að úr því verði bætt enda til lítils að leggja mikla vinnu í útfærslu á verkefnum sem til er úthlutað andvirði tveggja sæmilegra bíla.

Stjórn hefur farið fram á það við velferðaráðuneytið, Landlæknisembættið og Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) að hafin verði vinna við stefnumótun um framtíðaruppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Austurlandi. Nauðsynlegt er að horfa til lengri tíma í þeirri uppbyggingu þar sem ýmislegt bendir til að sífellt erfiðara verði að fá lækna til starfa í dreifbýli og að sama skapi er óviðunandi að HSA búi við hallarekstur ár eftir ár. Íbúar á Austurlandi verða að geta treyst því að heilbrigðisþjónusta sé örugg og aðgengileg allan ársins hring. Þá höfum við óskað eftir því við Færni- og heilsumatsnefnd heilbrigðisumdæmis Austurlands að unnin verði sameiginlega úttekt á þörf fyrir hjúkrunarrými í landshlutanum.

Umsjón með rekstri almennings-samgangna tekur talsverðan tíma og flestir hér vita líklega að SSA stendur í málaferlum við fyrirtækið Sternu sem hefur

stefnt SSA og krafist bóta að upphæð 475 milljóna vegna meints taps. Á fundi fulltrúa landshlutasamtaka með starfsmönnum innanríkisráðuneytis, Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Vegagerðarinnar og Strætó nýverið kom afgerandi fram sú skoðun að nýtt frumvarp til laga um fólksflutninga á landi væri ekki nægilega skýrt og afdráttarlaust þegar kemur að einkaleyfum landshlutasamtakanna. Þau haldi einfaldlega ekki ef til málareksturs kemur. Nokkur umræða hefur verið á meðal landshlutasamtakanna hvort rétt sé að halda rekstri þessa verkefnis áfram, enda ekki um að ræða lögbundin verkefni sveitarfélaganna.

Framundan eru tveir fundadagar hér á Djúpavogi. Nýbreytni er í dagskránni að því leyti að hér á eftir hefjast málstofur sem fulltrúar hafa skráð sig í. Málstofurnar tengjast allar málefnum sem mikið hafa verið rædd á vettvangi sveitarfélaganna undanfarin misseri; almenningsamgöngur, ljósléiðaravæðing, svæðisskipulag, þjónusta við fatlað fólk og umhverfismál. Í hverri málstofu verður innleiðing frá gestum og síðan taka við umræður sem síðar verða teknar saman og kynntar eftir hádegi. Eftir hádegi heyrum við ávörp gesta og síðar í dag hefjast svo nefndastörf sem lýkur 17:45 þegar við tekur óvissuferð í boði heimamanna og loks hátíðarkvöldverður

þar sem m.a. verða afhent Menningarverðlaun SSA og heiðursgestur aðalfundarins kynntur.

Á morgun verða venjuleg aðalfundarstörf en að þeim loknum verður farið yfir menningarstarf á Austurlandi og þann árangur sem náðst hefur undanfarin 14 ár. Einnig verður fjallað um nýjan samning um sóknaráætlun og sóknaráætlun Austurlands. Stefnt er að því að ljúka fundi um klukkan eitt.

Ég vænti þess að við notum þessa daga til að vinna markvisst og vel og komumst að sameiginlegri niðurstöðu í ályktunum sem við sendum frá okkur að fundi loknum. Sameiginlegt markmið okkar er að nýta þau tækifæri sem bjóðast á Austurlandi til að efla landshlutann enn frekar þannig að hér sé fýsilegt fyrir fólk að búa og starfa. Við höfum svo margt að bjóða og sameiginlegt verkefni okkar er að styrkja hér innviði og standa saman að þeirri vinnu.

Ég bið Pál Baldursson og Sigurjón Bjarnason að taka við fundarstjórn og segi þennan 49. aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi settan.





# Fundargerð aðalfundar

Fundargerð 49. aðalfundar SSA, haldinn á Hótel Framtíð, Djúpavogi, dagana 1. og 2. október 2015

Föstudagur 1. október 2015

Dagskrá fundarins lá frammi, þingskjal nr. 1.

## 1. Fundarsetning

Sigrún Blöndal, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 9:40 og bauð fundarmenn velkomna á þennan 49. aðalfund sambandsins. Hún fór yfir stöðu mála á Djúpavogi í kjölfar brotthvarfs Vísis og sagði yfirvöld hálf úrræðalaus þegar kemur að því að takast á við svona áföll. Sigrún fór því næst yfir helstu málefni sem brenna á sveitarstjórnarfólki og verða til umræðu á fundinum, s.s. fjarskipti, flugsamgöngur innan- og utanlands, stöðu dýralækna, sóknaráætlun, framlög til háskóla og rannsókna þar sem hallar mikið á Austurland á landsvísu, verkefni SSA sem fylgja sóknaráætlun og þörfina fyrir aukið fjármagn þess verkefnis, almennings-samgöngur. Sigrún hvatti fundarmenn til að efla landshlutann og styrkja innviði hans.

Að lokum lagði formaðurinn fram tillögu um Sigurjón Bjarnason og Pál Baldursson sem fundarstjóra og Þorbjörgu Sandholt og Sóleyju Dögg Birgisdóttur sem fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða og tóku ritarar til starfa. Fundarstjórar tóku við stjórn fundarins, buðu fundarmenn velkomna til Djúpavogs og þökkðu auðsýnt traust.

## 2. Kosningar

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd, þingskjal nr. 2:

Gunnar Jónsson, Fjarðabyggð formaður, Eyjólf Sigurðsson, Vopnafjarðarhreppi og Gunnhildi Ingvaldóttur, Fljótshéraði. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í nefndanefnd: Annu Alexandersdóttir formaður, Jón Björn Hákonarson og Gauti Jóhannesson. Samþykkt samhljóða.

## 3. Skýrsla stjórnar

Sigrún Blöndal fór yfir skýrslu stjórnar starfsárið 2014 – 2015. Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr. 3. Vísað til allsherjarnefndar.

## 4. Reikningar SSA

Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála, kynnti reikninga SSA fyrir árið 2014, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2015, ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Greinargerð með ársreikningi 2014: Þingskjal nr. 4. Ársreikningur SSA 2014: Þingskjal nr. 5.

Fjárhagsáætlun 2016: Þingskjal nr. 6.

Ársreikningi, greinargerð og fjárhagsáætlunum var vísað til fjárhagsnefndar. Skýrslu stjórnar er vísað til fjárhagsnefndar. Fundarstjóri minnti á að skýrslur stofnana sem tengjast starfi SSA væri að finna á heimasíðu SSA og þeim væri vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

## 5. Fyrirspurnir og umræður

Enginn kvaddi sér hljóðs

## 6. Tillögur frá stjórn og aðalfundarfulltrúum

Gauti Jóhannesson lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum um umhverfis- og samgöngumál, þingskjal 7. Vísað til umhverfis- og samgöngunefndar.

Jón Björn Hákonarson lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum um mennta- og menningarmál, þingskjal nr. 8. Vísað til mennta- og menningarmálanefndar.

Sigrún Blöndal lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum fyrir allsherjar- og samstarfsnefnd, þingskjal 9. Vísað til allsherjar- og samstarfsnefndar.

Arnbjörg Sveinsdóttir mælti fyrir tillögum stjórnar að ályktunum um byggða- og atvinnumál, þingskjal 10. Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. Þórður Mar Þorsteinsson lagði fram tillögu um

endurskoðun á almennri tekjuöflun sveitarfélaga, þingskjal 21. Vísað til allsherjar- og samstarfsnefndar.

Páll Björgvin Guðmundsson lagði fram tillögu um framtíðasýn fyrir Austurland, þingskjal 22. Vísað til allsherjar- og samstarfsnefndar.

Jens Garðar Helgason lagði fram tillögu frá honum og Ólafi Áka Ragnarssyni, um innflutningsbann Rússlands, þingskjal 23. Vísað til byggða- og atvinnunefndar.

#### **7. Málsstofur - hópavinna**

Fundarstjóri fór yfir þær málstofur sem verða á fundinum.

Þjónusta við fatlað fólk. Innleiðing: Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hópstjóri: Guðrún Frímansdóttir, félagsmálastjóri Fljótsdalshéraðs.

Umhverfismál. Innleiðing: Hildur Vésteinsdóttir, Umhverfisstofnun. Hópstjóri: Andrés Skúlason.

Svæðisskipulag. Innleiðing: Stefán Gunnar Thors, VSÓ Ráðgjöf, Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Alta. Hópstjóri: Árni Kristinsson.

Almenningssamgöngur. Innleiðing: Guðjón Bragason, Samband íslenskra sveitarfélaga. Hópstjóri: Jón Björn Hákonarson.

Ljósleiðaravæðing. Innleiðing: Páll Jóhann Pálsson, alþingismaður og varaformaður starfsþóps innanríkisráðuneytis um alþjónustu í fjarskiptum og útbreiðslu háhraða nettenginga. Hópstjóri: Jón Þórðarson.

Fundarstjóri vísaði fundarmönnum í málstofur og frestaði fundi til kl. 13.

#### **8. Ávörp**

Fundarstjóri setti fund kl. 13 og bauð innanríkisráðherra, Ólöfu Nordal, velkomna.

##### Ávarp innanríkisráðherra

Innanríkisráðherra fór yfir stærstu málefnið sem heyra undir hennar ráðuneyti. Hún vék að eflingu sveitarstjórnarstigsins og mælti með því að sveitarfélög hugi að frekari sameiningu og samvinnu, t.d. í þjónustu við fatlað fólk. Mikilvægt væri að sveitarfélögin færu að huga að því hvar möguleikarnir liggja, í góðu samráði við ríkið. Ráðherra ræddi um mikilvægi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og vakti athygli fundarmanna á þeirri staðreynd að sjóðurinn greiðir meira til sameinaðra sveitarfélaga.

##### Ávarp fulltrúa þingmanna Norðausturkjördæmis

Steingrímur Sigfússon, 4. þingmaður ávarpaði fundinn. Hann bar fundinum kveðju frá fyrsta, öðrum og þriðja þingmanni kjördæmisins sem gátu því miður ekki verið viðstaddir fundinn. Þingmaðurinn taldi áhyggjur sveitarstjórnarmanna af samgöngumálum og lágum fjárveitingum til þess málaflokks standa upp úr eftir yfirferð þingmanna um kjördæmið. Lítið fé væri áætlað í nýframkvæmdir á meðan gangnagerð taki mikið til sín. Steingrímur brýndi fyrir fundarmönnum að standa saman um að göng undir Fjarðarheiði, á milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshérað, verði næstu göng, ekki mætti rugga bátum í þeim efnum. Þingmaðurinn kvaðst sannfærður um að það væri rétt áhersla og framtíðarsýn fyrir Austurland í heild. Steingrímur ræddi einnig um tekjustofna sveitarfélaga. Þó ríkið væri nú að skila afgangi, stæðu sveitarfélögin ekki eins vel. Brýnt væri að tryggja að sveitarfélög væru að fá það sem þarf til reksturs þeirra. Þingmaðurinn fagnaði hugmyndum um millilandaflug frá Egilsstöðum og Akureyri og kvaðst ánægður með stöðuna á málinu og bjartsýnn um að þetta gangi eftir. Steingrímur lauk máli sínu með því að óska eftir áframhaldandi góðu samstarfi við sveitarstjórnarfólk kjördæmisins, hér eftir sem hingað til.

### **Kynninga á niðurstöðum málstofa**

#### Málstofa um umhverfismál

Andrés Skúlason kynnti niðurstöður málstofu um umhverfismál. Þemað var náttúruvernd og friðlýsingar.

#### Málstofa um almenningsamgöngur

Jón Björn Hákonarson kynnti niðurstöður málstofu um almenningsamgöngur.

#### Málstofa um ljósleiðarvæðingu

Jón Þórðarson kynnti niðurstöður málstofu um ljósleiðaravæðingu.

#### Málstofa um svæðisskipulag

Árni Kristinsson kynnti niðurstöður málstofu um svæðisskipulag.

#### Málstofa um þjónusta við fatlað fólk

Guðrún Frímansdóttir kynnti niðurstöður málstofu um þjónustu við fatlað fólk.

Valdimar O. Hermannsson kvaddi sér hljóðs hvatti fundarmenn til að kynna sér gögn frá Náttúrustofunni sem liggja frammi á fundinum.

Gauti Jóhannesson tók til máls og ræddi skipulag kvöldsins.



### 9. Álit kjörbréfanefndar og nefndarnefndar

Gunnar Jónsson, Fjarðabyggð, fomaður kjörbréfanefndar kynnti niðurstöðu nefndarinnar, þingskjal nr. 11. Borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Kjörnir fulltrúar eru sem hér greinir:

#### **Fjarðabyggð (4675 íbúar)**

Jón Björn Hákonarson  
Pálína Margeirsdóttir  
Svanhvít Yngvadóttir  
Hulda Sigrún Guðmundsdóttir  
Jens Garðar Helgason  
Valdimar O. Hermannsson  
Gunnar Jónsson  
Ævar Ármannsson  
Elvar Jónsson  
Eydís Ásbjörnsdóttir  
Páll Baldursson

Einar Már Sigurðarson  
Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir  
Páll Björgvin Guðmundsson  
14

#### **Fljótsdalshreppur (68 íbúar)**

Gunnþórunn Ingólfssdóttir  
1

#### **Seyðisfjaðarkaupstaður (665 íbúar)**

Elfa Hlín Pétursdóttir  
Margrét Guðjónsdóttir  
Vilhjálmur Jónsson  
3

#### **Breiðdalshreppur (187 íbúar)**

Gunnlaugur Stefánsson  
1



**Djúpavogshreppur (470 íbúar)**

Andrés Skúlason  
Rán Freysdóttir  
2

**Borgarfjarðarhreppur (134 íbúar)**

Jakob Sigurðsson  
1

**Fljótsdalshérað (3463 íbúar)**

Gunnar Jónsson  
Þórður Mar Þorsteinsson  
Gunnhildur Ingvarsdóttir  
Eyrún Arnardóttir  
Stefán Bogi Sveinsson  
Anna Alexandersdóttir  
Ragnhildur Rós Indriðadóttir (laugardag)  
Esther Kjartansdóttir (föstudag)  
Árni Kristinsson  
Sigrún Blöndal  
Björn Ingimarsson  
Guðlaugur Sæbjörnsson  
11

**Vopnafjarðarhreppur (695 íbúar)**

Eyjólfur Sigurðsson  
Steingrímur Árnason  
Bárður Jónasson  
3

Anna Alexandersdóttir formaður nefndanefndar lagði fram tillögu nefndarinnar, þingskjal nr. 12.

**Byggða- og atvinnumálanefnd**

Form. Arnbjörg Sveinsdóttir  
Árni Kristinsson  
Stefán Bogi Sveinsson  
Elfar Jónsson  
Eydís Ásbjörnsdóttir  
Rán Freysdóttir  
Magnús Róbertsson  
Ólafur Áki Ragnarsson  
Jakob Sigurðsson  
Hulda Sigrún Guðmundsdóttir

**Mennta- og menningarmálanefnd**

Form. Gauti Jóhannesson  
Gunnhildur Ingvarsdóttir  
Ester Kjartansdóttir  
Elfa Hlín Pétursdóttir  
Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir  
Pálína Margeirsdóttir  
Jón Þórðarson  
Steingrímur Árnason  
Jón Björn Hákonarson

**Umhverfis- og samgöngunefnd**

Form. Einar M. Sigurðarson  
Anna Alexandersdóttir  
Eyrún Arnardóttir  
Gunnar Jónsson  
Vilhjálmur Jónsson  
Margrét Guðjónsdóttir  
Páll Björgvin Guðmundsson  
Jens Garðar Helgason  
Gunnlaugur Stefánsson  
Eyjólfur Sigurðsson  
Andrés Skúlason

**Allsherjar- og samstarfsnefnd**

Form. Björn Ingimarsson  
Þórður Mar Þorsteinsson  
Valdimar Ó Hermannsson  
Ævar Ármannsson  
Páll Baldursson  
Stefán Grímur Rafnsson  
Gunnar Jónsson  
Svanhvít Yngvadóttir

Fyrir lágu tillögu stjórnar um fjárhagsnefnd og kjörnefnd.

**Fjárhagsnefnd**

Form. Gunnþórunn Ingvarsdóttir  
Guðlaugur Sæbjörnsson  
Bárður Jónasson

**Kjörnefnd**

Form. Gunnlaugur Stefánsson  
Gunnar Jónsson, Fljótsdalsh.  
Rán Freysdóttir

Borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri frestaði fundi til kl. 9 laugardaginn 3. október 2015.

## 10. Afgreiðslur mála

Fundarstjóri setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### Nefndaálit og -tillögur

Fjárhagsnefnd  
Gunnþórunn Ingvarsdóttir kynnti tillögur nefndarinnar.

Fundarstjóri bar upp ársreikning SSA fyrir 2014. Samþykktur samhljóða.

Fundarstjóri bar upp endurskoðaða fjárhagsáætlun SSA fyrir 2015. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp fjárhagsáætlun SSA fyrir 2016. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu að árgjöldum SSA fyrir 2016. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu að launum stjórnar og nefnda SSA. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu um framlög í Atvinnuþróunarsjóð Austurlands. Samþykkt samhljóða.

### Byggða- og atvinnumálanefnd

Stefán Bogi Sveinsson gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar og gat þess nefndin hefði fengið kynningu frá Vatnajökulsþjóðgarði í byrjun fundar og beiðni um samstarf við þjóðgarðinn. Þingskjal 18.

### Ályktanir um byggða- og atvinnumál

#### Samningur um sóknaráætlun

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 fagnar þeim áfanga sem náðist við undirritun nýs samnings um sóknaráætlun til

fimm ára. Fundurinn fagnar því einnig að staða sóknaráætlunar hafi verið tryggð í nýjum lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir.

Það er hins vegar ljóst að ef markmið samningsins eiga að nást er algjört grundvallaratriði að ríkisvaldið leggi umtalsvert meira fé til samningsins og þá ekki síst til að standa straum af umsýslukostnaði sem leiðir af kröfum ríkisins til landshlutanna.

#### Störf á vegum ríkisins á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 leggur áherslu á að eitt af meginverkefnum SSA á næstu árum verði, í samstarfi við ríkisvaldið, að standa vörð um og fjölga opinberum störfum á Austurlandi. Þessi áhersla er í fullu samræmi við byggðaáætlun og stefnu stjórnvalda um tilfærslu opinberra starfa. Mikilvægt er í þessu samhengi að nýta breytingar í ríkisrekstri til að ná þessu markmiði og þá um leið að ná fram hagkvæmari lausn fyrir ríkisvaldið.

#### Rekstur upplýsingamiðstöðva

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 telur að upplýsingamiðstöðvar séu afar mikilvægur þáttur í að fjölga áfangastöðum ferðamanna, vísa þeim leið og tryggja góða umgengni um landið. Því skorar fundurinn á stjórnvöld að auka fjármagn til upplýsingamiðstöðva á Austurlandi þannig að þeir fjármunir dugi til að þjónusta ferðamenn og auka öryggi þeirra allt árið. Fundurinn hvetur hagsmunaaðila á borð við sveitarfélög, Austurbrú og Vatnajökulsþjóðgarð til að hafa samráð um það hvernig þessum málaflokki verði best fyrirkomið í landshlutanum.

#### Skattar á raforkuframléiðslu

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 telur að leggja eigi áherslu á að breyta skattlagningu á orkuframléiðslu og orkumannvirki þannig að sveitarfélög á áhrifasvæðum virkjana og annarra orkumannvirkja njóti arðs af þeim. Fundurinn telur að slík breyting sé nauðsynlegur liður í því að hámarka þjóðararð af nýtingu náttúruauðlinda.

### **Flutningskerfi raforku**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 krefst þess að stjórnvöld styrki flutningskerfi raforku sem ekki hefur staðið að fullu undir hlutverki sínu. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki háð starfsemi fyrirtækja á Austurlandi sem reiða sig á raforku við starfsemi sína.

### **Nýir orkukostir**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 hvetur til þess að kannaðir verði nýir kostir til raforkuframleiðslu á Austurlandi, svo sem með nýtingu vindorku eða sjávarfalla. Fundurinn leggur þó jafnframt ríka áherslu á nauðsyn þess að ríkisvaldið endurskoði lög og reglur um raforkuframleiðslu. Þannig fari uppbygging nýrra raforkukosta fram eftir skýrum reglum sem tryggja hagsmuni sveitarfélaga og íbúa með fullnægjandi hætti.

### **Innflutningsbann Rússa og áhrif þess á sjávarbyggðir**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem er að koma upp í kjölfar viðskiptabanns Rússlands á íslenskar sjávarafurðir. Afleiðingarnar af þeirri stöðu sem upp er komin í samskiptum Íslands og Rússlands kemur mjög misþungt niður á íbúum landsins og ljóst er að nokkur sveitarfélög á Austurlandi eru í mjög alvarlegri stöðu. Fjöldmörg störf til sjós og lands eru í hættu sem getur leitt af sér óafturkræfa byggðaröskun ef ekki verður breyting á tafarlaust. Því skorar aðalfundurinn á íslensk stjórnvöld að líta til hagsmuna sjávarbyggðanna og bregðast við án tafar með viðeigandi aðgerðum til að lágmarka það áfall sem sveitarfélögin og íbúar þeirra standa nú frammi fyrir.

Til máls tóku:

Jens Garðar Helgason  
Gunnlaugur Stefánsson  
Stefán Bogi Sveinsson  
Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Fundarstjóri bar upp breytingartillögu JGH og ÓÁR, þingskjal 23.

### **Innflutningsbann Rússa og áhrif þess á sjávarbyggðir**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 2. og 3. október 2015 lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem er að koma upp í kjölfar viðskiptabanns Rússlands á íslenskar sjávarafurðir. Því skorar aðalfundurinn á íslensk stjórnvöld að hafa hagsmuni sjávarbyggðanna og störf til sjós og lands í huga í öllum sínum gjörðum á næstunni. Íslenskur sjávarútvegur er ekki aðeins ein af grunnstöðum margra sveitarfélaga heldur einnig Íslands alls og þess fjöreggs verður að gæta vel. Skorar því aðalfundurinn á íslensk stjórnvöld að endurmeta afstöðu sína til málsins enda hagsmunir gríðarlegir, mörg störf í húfi fyrir íbúa landshlutans og fyrirbyggjandi mikil tekjuskerðing fyrir viðkomandi sveitarfélög.

Tillagan samþykkt með 14 atkvæðum gegn 9.

Aðrar tillögur byggða- og atvinnumálanefndar bornar upp saman og samþykktar samhljóða.

#### Allsherjar- og samstarfsnefnd

Björn Ingimarsson kynnti tillögur frá allsherjar- og samstarfsnefnd og gat þess að Daniel Byström hefði komið inn á fund nefndarinnar og sagt frá verkefninu „Áfangastaðurinn Austurland“. Þingskjal nr. 16.

Ályktanir frá allsherjar- og samstarfsnefnd

#### **Áfangastaðurinn Austurland**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 fagnar vinnu við verkefnið áfangastaðurinn Austurland. Aðalfundur hvetur aðildarsveitarfélög að styðja við áframhaldandi vinnslu verkefnisins og innleiðingu þeirra verkferla og verkfæra sem út úr henni koma.



### **Gjaldtaka af ferðamönnum**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 telur óspillta náttúru landsins fágæta auðlind. Verndun hennar og sjálfbær nýting er eitt brýnasta verkefni samtímans. Fundurinn skorar því á stjórnvöld að koma á gjaldtökukerfi fyrir ferðamenn í samráði við hagsmunaaðila. Fjármunum sem með þessu skapast verði veitt áfram til sveitarfélaganna vítt og breitt um landið til að standa straum af skipulagsvinnu í tengslum við ferðamannastaði og jafnframt uppbyggingu slíkra staða og innviða samfélaganna. Þetta á ekki síst við um uppbyggingu nýrra áfangastaða. Með þessu er hægt að mæta því mikla álagi sem komið er á mörgum vinsælum ferðamannastöðum og gera þá þannig úr garði að ekki hljóttist af spjöll vegna ágangs.

### **Stjórn hreindýraveiða**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 hvetur ráðherra umhverfismála og alþingismenn til að beita sér fyrir því að umsjón með stjórn hreindýraveiða eflist enn frekar á Austurlandi. Fundurinn skorar jafnframt á ráðherra umhverfismála að tryggja umtalsvert meira fé til rannsókna á vegum Náttúrustofu Austurlands, þannig væri lagður traustari grunnur að stjórnun hreindýraveiða. Hreindýr eru auðlind sem fyrirfinnst aðeins á Austurlandi og því telur fundurinn eðlilegt að öll umsýsla og stjórnun sé staðsett í landshlutanum og fjármagn vegna þessa málaflökks.

### **Málefni aldraðra**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á ráðherra velferðarmála að vinna náið með sveitarfélögum að skipulagi þjónustu við aldraða. Málefni aldraðra verða sífellt umfangsmeiri, öldruðum fer fjölgandi og er umsjón þess málaflökks að mörgu leyti best komin í höndum sveitarfélaganna. Hér er um mikilvæga nærþjónustu að ræða, mikil skörun er í núverandi þjónustu og mikilvægt að samfella sé í þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga. Grundvallaratriði er að ábyrgð hlutaðeigandi sé skýr, nægt fjármagn

fylgi verkefninu og kröfur um þjónustu séu kostnaðarmetnar fyrirfram.

### **Aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á heilbrigðisyfirvöld að setja skýra stefnu og tryggja gott aðgengi að úrræðum í geðheilbrigðismálum í samstarfi við þá félagsþjónustu sem sveitarfélögin veita. Brýnt er að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu en hvorki er til staðar göngudeild geðdeildar né eru fastir starfandi geðlæknar á Austurlandi. Á þetta jafnt við í málefnum barna og fullorðinna.

### **Verkaskipting heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á ríkisvaldið að marka þá stefnu að Umhverfisstofnun og Matvælastofnun verði breytt í stjórnýslustofnanir og dregið úr eftirlitshlutverki þeirra. Heilbrigðiseftirliti verði falið sem mest af eftirlitsverkefnum á grunni reglugerða og leiðbeininga. Heilbrigðisfulltrúar eru sérfræðingar í eftirliti og geta sinnt eftirlitsverkefnum í nærumhverfi sínu á hagkvæman hátt. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun verði veitt rými og fjármagn til að sinna samræmingarhlutverki, samskiptum við systurstofnanir í öðrum löndum og vinnu fyrir ráðuneytin, m.a. endurskoðun reglugerða sem er orðið afar brýnt verkefni.

Stjórnvöld þurfa að nýta betur mannauð og aðstöðu sem er til staðar í landshlutanum í stað þess að senda starfsmenn með ærnum tilkostnaði frá miðlægum stofnunum.

Starfsmenn stofnana sem eru staðsettar og reknar á landsbyggðinni og af sveitarfélögunum eru vel til þess fallnir að sinna verkefnum úr nærumhverfi í stað þess að senda fólk landshluta á milli.

### **Heilbrigðisþjónusta**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands, að standa

vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum og bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki viðunandi. Fundurinn lýsir yfir eindregnum vilja sveitarfélaga á Austurlandi að koma að vinnu við framtíðarþróun og skipulag heilbrigðisþjónustu í landshlutanum, t.a.m. hvað varðar sérfræðiþjónustu og aðkomu sjúkratrygginga.

Treysta verður rekstrargrunn heilbrigðisþjónustunnar eftir langvarandi niðurskurð og hagræðingu. Sýnt hefur verið fram á að flutningur heilbrigðisþjónustu úr landshlutanum eykur kostnað allra skattgreiðenda. Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi er einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar og því verða stjórnvöld að taka tillit til þeirra staðháttanna sem einkenna Austurland þegar framlög til heilbrigðismála eru ákveðin. Fundurinn varar sérstaklega við því að skert verði sú bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónusta, sem nú

er veitt í landshlutanum. Íbúar alls Austurlands eiga skýlausan rétt samkvæmt núgildandi lögum, á ásættanlegu aðgengi að heilbrigðisþjónustu eins og aðrir landsmenn.

### **Samstarf sveitarfélaga á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á Samband íslenskra sveitarfélaga og innanríkisráðuneyti að setja þegar af stað vinnu til að móta hugmyndir að lýðræðis- og stjórnkerfi svo hugmyndir um frekari sameiningu sveitarfélaga geti orðið að veruleika. Umtalsverður árangur hefur náðst í samstarfi sveitarfélaga á Austurlandi. Mikilvægt er að sveitarfélögin haldi áfram að leita leiða til að auka samstarf á ýmsum sviðum, íbúum landshlutans til hagsbóta.



### **Lögreglustjóraembættið á Austurlandi og embætti Sýslumannsins á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 harmar að umdæmismörk lögregluembættisins á Austurlandi hafi verið breytt frá því sem kynnt var í drögum að reglugerð. Ljóst er að þessi breyting veikti uppbyggingu lögregluembættisins á Austurlandi.

Fundurinn skorar á stjórnvöld að standa við fyrirheit um að efla hin nýju sýslumanns- og lögreglustjóraembætti með flutningi verkefna sem munar um og tryggja þeim fjármagn til að þau geti sinnt verkefnum sínum í þessum víðfeðma landshluta.

### **Aðstaða lögreglunnar á Seyðisfirði**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á þingmenn og ráðherra innanríkismála að sjá til þess að tryggt verði fjármagn á fjárlögum ársins 2016 til byggingar lögreglustöðvar á Seyðisfirði og ráðningu lögreglunnar þar.

### **Tekjustofnar sveitarfélaga**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 telur mikilvægt að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Útgjöld sveitarfélaga hafa vaxið sem og verkefnum fjölgað, en tekjuliðir hafa ekki fylgt þeirri þróun. Mikilvægt er að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í heildarskatttekjum samfélagsins. Ýmsar atvinnugreinar, s.s. ferðaþjónusta, skapa tekjur í heimabyggð en kalla einnig á aukin útgjöld, bæði við ferðamanna- staði og við ýmsa innviði samfélagsins. Því beinir aðalfundur SSA 2015 því til stjórnvalda og sambands íslenskra sveitarfélaga að taka til athugunar á hvern hátt styrkja megi almennan tekjugrundvöll sveitarfélaga svo þau geti sinnt lögbundnu þjónustuhlutverki sínu á sómasamlegan hátt.

### **Framtíðarsýn fyrir Austurland**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 leggur til að nú þegar verði hafin vinna á



vettvangi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi við að móta sameiginlega framtíðarsýn fyrir Austurland með víðtækri þátttöku allra íbúa, kjörinna fulltrúa og þingmanna kjördæmisins.

Fenginn verði utanaðkomandi ráðgjafi til þess að leiða vinnuna um sameiginlega framtíðarsýn, með það að markmiði, að Austfirðingar allir, geti með sem víðtækastri sátt horft til framtíðar í málefnum landshlutans og aukið þannig samkeppnishæfni hann enn frekar. Með sameiginlegri framtíðarsýn mun sparast ómældur tími sveitarstjórnarfólks og þingmanna við ákvörðunartöku um mikilvæg og krefjandi málefni landshlutans á hverjum tíma s.s. á vettvangi heilbrigðis-, samgöngu- og menntamála svo fátt eitt sé nefnt. Horft verði á innviði samfélgsins, sem nú eru til staðar, með það að markmiði að efla þá enn frekar.

### **Samþykktir Sambands sveitarfélaga á Austurlandi**

#### 1. gr.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi, stofnað 8. október 1966 (skammstafað SSA), er samstarfs-vettvangur sveitarfélaga á Austurlandi.

#### 2. gr.

Starfssvæði SSA skiptist í eftirtalin 2 þjónustusvæði:

a) Norðursvæði: Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað og Seyðisfjarðarkaupstaður.

b) Suðursvæði: Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpvogshreppur.

#### 3. gr.

Meðal samstarfsverkefna svæðanna á vettvangi SSA er ákvörðun um val sameiginlegra fulltrúa þeirra í stjórn SSA og starfsnefndir á vegum sambandsins.

#### 4. gr.

Megin markmið með samstarfi sveitarfélaganna á

vettvangi SSA eru að:

- a) vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Austurlandi, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum,
- b) berjast fyrir auknum jöfnuði til búsetu milli landshluta svo sem hvað varðar orkuverð, vöruverð, aðstöðu til náms, aðgang að heilbrigðisþjónustu og menningarstarfsemi,
- c) stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð,
- d) hafa forgöngu um byggðapróunarverkefni í landshlutanum t.d. í nánu samstarfi við Austurbrú ses.

Stjórn SSA ber að vinna að framangreindum og öðrum hagsmunamálum sveitarfélaganna í landinu, t.d. í samstarfi við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, önnur landshlutasamtök og/eða Samband íslenskra sveitarfélaga. Hún skal og;

- i. vinna að því að efla samstarf sveitarfélaganna bæði innan landshluta sem og á þjónustusvæðunum,
- ii. sjá um almenna kynningu á Austurlandi, halda á lofti kostum landshlutans og vinna að því að efla samkennd íbúa hans og styrkja þjóðfélagslega stöðu þeirra,
- iii. vinna að því að auka áhrif íbúa landshlutans varðandi ákvarðanir og ráðstöfun fjármagns,
- iv. stuðla að sameiningu sveitarfélaganna í kjördæminu þar sem það þykir henta.

#### 5. gr.

Aðalfundur SSA skal haldinn ár hvert, eigi síðar en 15. október. Stjórn boðar til hans með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal hún senda sveitarstjórnnum og gestum fundarins dagskrá hans eigi síðar en 10 dögum fyrir fund.

Aðalfundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður. Ber stjórn að halda aðalfundina sem víðast á starfssvæðinu. Aukafundir skulu haldnir, þegar stjórn telur ástæðu til og þegar fjórðungur

kjörinna fulltrúa eða fjórðungur sveitarstjórna á sambandssvæðinu óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukafunda með a.m.k. viku fyrirvara.

6. gr.

Til fulltrúafunda skal kosið árlega af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum eftir reglu, sem er þannig í framkvæmd:

Fjöldi íbúa	Fjöldi fulltrúa	Samtals fulltr.
0-200	1	1
201-550	+1	2
551-900	+1	3
901-1250	+1	4
1251-1600	+1	5
1601-1950	+1	6
1951-2300	+1	7
2301-2650	+1	8
2651-3000	+1	9
3001 – 3350	+1	10
3351 – 3700	+1	11
3701 – 4050	+1	12
4051 – 4400	+1	13
4401 – 4750	+1	14
4751 – 5100	+1	15
5101 – 5450	+1	16
5451 – 5800	+1	17
o. s. frv.		

Jafnmargir varamenn skulu kosnir og eftir sömu reglu.

Kjörgengir eru forstöðumenn sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra. Sama gildir um kjörgengi til stjórnar. Einnig eru kjörgengir sem fulltrúar til aðalfundar starfsmenn sveitarfélaga. Hver sveitarstjórn skal, þegar fulltrúar hafa verið kjörnir, senda skrifstofu SSA tilkynningu um kosninguna eða afhenda kjörbréf í upphafi fundar.

Hvorki stjórnin, né fundir SSA skulu hafa afskipti af sér málum einstakra sveitarfélaga, nema þess sé óskað af viðkomandi sveitarstjórn, enda gangi afskiptin ekki gegn hagsmunum annarra sveitarfélaga á sambandssvæðinu.

Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála á sæti á fundum þess og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Eigi hefur hann atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn fulltrúi. Sama gildir um gesti fundarins, t.d. þingmenn Norðausturkjördæmis, starfsmenn stofnana, sem tengjast SSA og þá, sem sæti eiga í starfsnefndum á vegum þess.

7. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn fyrir sambandið til eins árs í senn. Skal stjórn skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara. Hvort svæði (sbr. 2. gr.) á rétt á 3 stjórnarmönnum. Einn stjórnarmaður (flakkari) skal kjörinn af þjónustusvæðunum til skiptis annað hvert ár, og skal hann kjörinn af norðursvæði á aðalfundi 2008. Enginn má eiga sæti í aðalstjórn lengur í senn en fimm ár, en kjósa má hann aftur, þegar liðin eru þrjú ár frá stjórnarsetu. Ef stjórnarmaður hættir á kjörtímabilinu afskiptum af sveitarstjórnarmálum á svæði því, sem hann var kjörinn í stjórnina fyrir, ber að leita álitis viðkomandi sveitarstjórnar á því hvort hún fallist á að hann gegni stjórnarstörfum út kjörtímabilið. Sé því hafnað eða vilji hann sjálfur hætta ber honum að segja af sér stjórnarstörfum og láta kalla varamann í sinn stað. Hætti bæði aðalmaður og varamaður hans, skal stjórn - að höfðu samráði við heimasveitarfélag/-félög viðkomandi - skipa nýja í stað beggja út kjörtímabilið.

8. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs úr sínum röðum formann. Fyrsta og annan varamann velur stjórn af svæðunum tveimur. Mynda þeir framkvæmdaráð SSA, ásamt verkefnastjóra sveitarstjórnarmála. Hann hefur þó eigi atkvæðisrétt á fundum framkvæmdaráðsins, sem fer með málefni SSA á milli stjórnarfunda.

Stjórnin skal vinna að framkvæmd þeirra mála, sem aðal- og fulltrúafundir ákveða, svo og öðrum málefnum, er varða hagsmuni landshlutans hverju sinni og/eða til hennar kann að verða vísað. Komi til óviðráðanlegra forfalla aðalmanna og varanna þeirra skal boða í þeirra stað aðra varamenn á viðkomandi svæði og ella þá varamenn á öðrum svæðum, sem næst búa fundarstað. Hafa slíkir varamenn í þeim tilfellum öll sömu réttindi og aðrir stjórnarmenn, þ.m.t. fullan atkvæðisrétt.

Stjórnin skal haga störfum sínum þannig að eigi sjaldnar en einu sinni á reglulegu kjörtímabili sveitarstjórna geti sveitarfélög óskað eftir samráðsfundi með stjórn.

9. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga þess og jafnmarga til vara. Einnig skal skipa í starfsnefndir milli funda eftir aðstæðum hverju sinni og kjósa fulltrúa í nefndir, ráð og á opinbera fundi eftir því sem tilefni gefast, eða lög kveða á um hverju sinni. Fulltrúar í starfsnefndum á milli funda skulu aldrei vera fleiri en tvöfaldur fjöldi þjónustusvæðanna. Um kjörgengi fer skv. ákvæðum 6. gr., en þó má allt að 1/3 slíkra nefnda vera skipaður öðrum en þeim, er undir þau falla. Enginn má sitja í starfsnefndum lengur samfelt en 3 ár.

Á aðalfundi ár hvert (í fyrsta sinn árið 1999) skal afhenda „Menningarverðlaun SSA“ til einstaklinga eða félagasamtaka skv. tilnefningum þar um. Verðlaunafé skal að lágmarki nema 1,25 % af framlögum sveitarfélaganna til SSA og að hámarki 2,50 %. Stjórn SSA fer sjálf með úthlutun eða felur það öðrum og setur starfsreglur þar að lútandi.

10. gr.

Austurbrú heldur utan um rekstur SSA samkvæmt samningi. Stjórn sambandsins ræður verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála í samráði við framkvæmdastjóra Austurbrúar og ræður einnig löggiltan endurskoðanda. Annað starfsfólk ræður verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála í umboði stjórnar og í samstarfi við framkvæmdastjóra

Austurbrúar og gerir við það ráðningarsamninga.

Samningur um verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála skal gerður til fjögurra ára í senn og miðast hann við 30. september sama ár og reglulegar sveitarstjórnarkosningar fara fram. Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála veitir forstöðu skrifstofu sambandsins og hefur á hendi þau störf, sem stjórn þess felur honum. Starfslýsing, er kveður á um helstu verkefni verkefnisstjóra, skal vera hluti af ráðningarsamningi við hann.

11. gr.

Fyrir aðalfund skal stjórnin leggja endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir síðastliðið reikningsár og fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagstímabil. Bæði reikningarnir og fjárhagsáætlunin skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Fundurinn skal úrskurða reikningana, afgreiða fjárhagsáætlunina og ákveða stjórnar- og nefndalaun komandi starfsárs.

Árlegt framlag hvers sveitarfélags skal vera tiltekinn hundraðshluti af skatttekjum næst liðins árs eins og þær eru skilgreindar skv. bókhaldslykli sveitarfélaga hverju sinni. Ber skrifstofu sambandsins í upphafi hvers árs að birta aðildarsveitarfélögum útreikninga sína á árgjöldum hvers og eins viðkomandi ár og veita tilhlýðilegan frest til athugasemda.

Gjalddagar skulu vera tveir, 1. mars og 1. október með jöfnum greiðslum og er skrifstofu sambandsins heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti hverju sinni á vanskil, hvern mánuð sem kominn er fram yfir eindaga. Eindagi telst seinasti virkur dagur gjalddagamánaðar.

12. gr.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

13. gr.

Úr sjóðum sambandsins skal greiða laun starfsmanna, sem ráðnir eru skv. 10. gr., kostnað við stjórn þess og nefndir, bæði hvað varðar laun,

ferðir og uppihald. Gestgjafi (þ.e. heimasveitarfélag þar sem aðalfundur er haldinn) leggur til fundaraðstöðu á aðalfundum, en SSA ber kostnað vegna gistingar aðalfundarfulltrúa og gesta sem og uppihald þeirra vegna, en engan kostnað annan vegna fulltrúafunda, né annarra funda á vegum þess, nema húsnæðis- og auglýsingakostnað vegna kynningarfunda o.þ.h., auk tilfallandi kostnaðar vegna stjórnarmanna, starfsnefnda og/eða annarra sérstaklega kallaðra til fundarsetu af stjórn SSA.

14. gr.  
Heimilisfang sambandsins skal vera í því sveitarfélagi, sem skrifstofa þess er í hverju sinni.

15. gr.  
Breyta má samþykktum þessum á aðalfundi. Tillögur um breytingar skal jafnan tilkynna með fundarboði. Um endurskoðun samþykktanna, úrgöngu einstakra sveitarfélaga, slit sambandsins o.fl. atriði gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga.

Samþykkt á aðalfundi SSA á Djúpavogi, 3. október 2015

Til máls tóku:  
Sigrún Blöndal  
Þórður Mar Þorsteinsson  
Stefán Bogi Sveinsson  
Jens Garðar Helgason  
Páll Björgvin Guðmundsson  
Elva Hlín Pétursdóttir  
Jón Björn Hákonarson  
Vilhjálmur Jónsson sem lagði fram breytingartillögu.

Við ályktun um framtíðarsýn fyrir Austurland bætist:

Fundurinn felur stjórn SSA að vinna að nánari útfærslu með hliðsjón af þeim kröftum sem liggja í samstarfi á Austurlandi m.a. með starfsemi Austurbrúar.

Stefán Bogi Sveinsson lagði til að málinu yrði vísað til stjórnar.

Andrés Skúlason  
Björn Ingimarsson  
Einar Már Sigurðsson

Breytingartillaga frá Vilhjálmi borinn upp og samþykkt samhljóða.

Tillögur allsherjarnefndar bornar upp og samþykktar samhljóða.

#### Mennta- og menningarmálanefnd

Gauti Jóhannesson mælti fyrir tillögum mennta- og menningarmálanefndar og gat þess að Elfa Hlín Pétursdóttir hefði komið inn á fund nefndarinnar og sagt frá rannsókninni „Heima er þar sem Eyjahjartað slær“. Þá var greinargerð um fjárveitingar til menntamála vísað til nefndarinnar. Þingskjal 17.

### **Ályktanir um mennta- og menningarmál**

#### **Menntamál**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 leggur áherslu á að fjölbreytt og góð menntun standi nemendum til boða á öllum skólastigum á Austurlandi. Mikilvægt er að gæði og metnaður séu höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi og að ríki og sveitarfélög móti sér sameiginlega sýn í málaflöknum. Fundurinn skorar á mennta- og menningarmálaráðuneytið að vinna við aðgerðaáætlun í menntamálum í framhaldi af útgáfu Hvítbókar ráðherra verði unnin í nánú samstarfi við sveitarfélögin enda ljóst að ýmissa breytinga er að vænta í málaflöknum sem munu snerta sveitarfélögin verulega.

#### **Leik-, grunn- og tónlistarskólar**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 áréttar að gott starf í leik- og grunnskólum er lykilatriði til að samfélög geti þrífist og dafnað. Mikilvægt er að samstaða og stuðningur sé í samfélaginu um það. Fundurinn hvetur starfsmenn og stjórnendur leik- og grunnskóla í landshlutanum til aukins faglegs samstarfs með það fyrir augum að efla skólastarf. Sömuleiðis hvetur fundurinn

til þess að tónlistarskólar auki samstarf sitt því þannig má styrkja fjölbreytt námsframboð og að nemendur fái kennslu samkvæmt námsskrá. Einnig telur fundurinn brýnt að fundin verði lausn á stöðu þeirra nemenda sem stunda nám á framhaldsstigi í tónlist á landsbyggðinni.

#### **Menntun á framhaldsskólastigi**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 hvetur stjórnvöld til að tryggja nægjanlegt fjármagn til reksturs framhaldsskóla á Austurlandi. Sérstaklega er brýnt að ljúka við endurmat verknáms og að til hliðsjónar verði haft þjóðhagslegt mikilvægi þess. Mikilvægt er að austfirskum ungmönnum bjóðist fjölbreytt nám sem stenst samanburð við það besta sem gerist. Þá er ekki síður mikilvægt að á Austurlandi sé boðið upp á nám sem tengist þeim fjölbreyttu möguleikum sem svæðið býður upp á til framtíðar. Fundurinn hvetur til áframhaldandi aukins samstarfs milli

framhaldsskóla á Austurlandi og milli framhaldsskóla og framhaldsfræðslu með það að markmiði meðal annars að auka námsframboð. Fundurinn hvetur skólastjórnendur jafnframt til að standa að öflugri kynningu, innan og utan fjórðungs, á því ágæta starfi sem í þeim fer fram.

#### **Háskólamenntun og rannsóknir**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 ítrekar fyrri ályktanir um að verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins. Þetta er algjörlega óviðunandi staða og fundurinn krefst þess að aðstaða Austurlands í þessum málaflokki verði sambærilega við það sem gerist í öðrum landslutum, en í þeim samanburði er Austurland á botninum svo miklu munar. Auk þess er mikil þörf á dreifsettri þjónustu á Austurlandi þar sem þar eru margir byggðakjarnar, vegalengdir eru miklar og vetrarumferð erfið og hættuleg og menntunarstig





á Austurlandi er einnig undir landsmeðaltali. Það er því ekkert sem rökstyður að Austurland þurfi minna fé til þessara mála en þessi samanburðarsvæði. Þvert á móti benda allir þættir til að það sé sérstaklega kostnaðarsamt að veita þessa þjónustu á Austurlandi og að þörfin fyrir hana sé þar mikil.

Skorað er á stjórnvöld að auka hlut Austurlands í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum hins opinbera með því að fjölga opinberum rannsóknatengdum störfum á svæðinu.

#### **Fjarnám á háskólastigi**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á háskólastigið að móta sér skýrari stefnu varðandi fjarnám og fjölga þeim námsleiðum sem í boði eru í fjarnámi og skipulagi þess þannig hátt að það sé raunhæfur kostur fyrir nemendur. Nemendur nýta sér í síauknum mæli möguleika til að stunda fjarnám í heima-

byggð og fundurinn skorar því á ríkisvaldið að veita auknum fjármunum í aðstöðu og stuðning við þessa nemendur heima í héraði til að auðvelda þeim að sækja sér nám við skóla hér á landi og erlendis.

#### **Framhaldsfræðsla**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á stjórnvöld að auka möguleika fólks á vinnumarkaði til að sækja sér endurmenntun heima í héraði. Nauðsynlegt er að þær stofnanir sem til staðar eru í landshlutanum séu nýttar og styrktar til eflingar þessa skólastigs.

#### **Meningarmál**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 telur mikilvægt að það faglega starf sem byggt var upp með menningarsamningi Austurlands verði viðhaldið. Fundurinn hvetur því stjórn SSA til að beita sér af afli í viðræðum um að



tryggja fast fjármagn til menningarmála á svæðinu til framtíðar. Mikilvægt er að ekki verði hvikað frá kröfum varðandi reiknireglu um skiptingu fjármagns sem tekur tillit til fjarlægðar frá sameiginlegum menningarstofnunum og landfræðilegra aðstæðna innan svæðis.

Fundurinn hvetur jafnframt sveitarfélög til að líta ekki einungis á brottflutning sem atgervisflóttu heldur brottflutta sem auðlind sem má nýta. Auk þess skoði sveitarfélögin hvernig samfélagið getur skapað sterk tengsl sem hvetur brottflutt fólk til að leggja heimahögum sínum lið.

### **Menningarmiðstöðvar**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 ítrekar mikilvægi þess að fjármagni verði áfram veitt til menningarmiðstöðva á Austurlandi, lykilstofnana í austfirsku menningarlífi. Undanfarin ár hefur hlutfallslega dregið úr framlagi ríkisins til miðstöðvanna á sama tíma og sveitarfélögin hafa aukið sinn hlut. Nauðsynlegt er að ríkið viðurkenni sérstöðu þeirra og mikilvægi með auknu fjárframlagi.

### **Varðveisla menningarminja**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 hvetur ríki og sveitarfélög til þess að huga meira að menningarverðmætum í héraði og reyna að tryggja sem best að mikilvægum menningarminjum verði ekki raskað. Menningartengd ferðaþjónusta er mjög vaxandi í landshlutanum og er varðveisla menningarminja, svo sem endurgerð og vernd gamalla húsa, nausta og fiskimiða mjög þýðingarmikill þáttur í uppbyggingu þessarar vaxandi atvinnugreinar.

### **Starfsemi RÚV á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á RÚV ohf. að tryggja öfluga fréttamiðlun frá Austurlandi. Styrkja þarf bæði fréttapjónustu, með ráðningu starfsmanns í fullt starf til viðbótar við þann sem fyrir er, og dagskrárgerð í landshlutanum svo tryggja megi sem best þáttagerð af svæðinu og síðast en ekki síst

vandaðan fréttafloflutning.

Til máls tóku:

Jens Garðar Helgason  
Þórður Mar Þorsteinsson  
Einar Már Sigurðsson  
Jens Garðar Helgason  
Sigrún Blöndal  
Vilhjálmur Jónsson  
Jens Garðar Helgason  
Sif Hauksdóttir

Tillögur mennta- og menningarmálanefndar bornar upp og samþykktar samhljóða.

### Umhverfis- og samgöngunefnd

Einar Már Sigurðsson fór yfir tillögur nefndarinnar og gat þess að á fund nefndarinnar hefðu komið: Ólöf Nordal innanríkisráðherra, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Páll Jóhann Pálsson, þingmaður og varaformaður starfshóps innanríkisráðuneytis um alþjónustu í fjarskiptum og útbreiðslu háhraða nettenginga. Þingskjal nr. 19.

### **Ályktanir um umhverfis- og samgöngumál**

#### **Samgöngumál – flug**

#### **Egilsstaðaflugvöllur**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 lýsir yfir vilja til að taka þátt í þeirri nauðsynlegu stefnumörkun sem þarf að eiga sér stað í íslenskri ferðaþjónustu. Fjölgun ferðamanna og álag á ferðamannastaði á sunnanverðu landinu sem og á Keflavíkurflugvöll hefur náð þolmörkum, eins og margoft hefur sýnt sig, því er brýnt að leita lausna til framtíðar. Fundurinn bendir á Egilsstaðaflugvöll sem augljósa aðra fluggátt inn í landið og rökréttan hluta af þeirri heildarlausn sem nauðsynleg er í málefnum ferðaþjónustu á Íslandi. Þegar hefur verið unnin nauðsynleg greiningar- og undirbúningsvinna en mikilvægt er að búa flugvöllinn, sem er varaflugvöllur Keflavíkurflugvallar, þannig úr garði að hann uppfylli kröfur

um þjónustustig vegna aukinnar umferðar. Brýnt er að ríkið tryggi nauðsynlegt fjármagn til þessara framkvæmda, þá sérstaklega flughlaða. Um leið verður ríkið að flýta eins og framast er unnt vinnu um mótun framtíðarstefnu sem geri ráð fyrir annarri fluggátt inn í landið. Áfram verður unnið af fullum þunga að markaðsetningu Egilsstaðaflugvallar af hálfu hagsmunaaðila, s.s. fyrirtækja í ferðaþjónustu, Isavia, ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi.

### **Þyrlusveit á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 leggur áherslu á að unnið verði að því að aðstaða og hluti útgerðar þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar verði á Egilsstaðaflugvelli. Einnig verði tryggt að Egilsstaðaflugvöllur verði byggður upp sem flugmiðstöð vegna starfsemi sem tengd er hugsanlegri olíuleit á Drekasvæðinu.

### **Innanlandsflug**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 leggur áherslu á mikilvægi innanlandsflugs og að það verði skilgreint sem almennings-samgöngur og jafnsett öðrum slíkum. Þrátt fyrir að starfshópur um endurskoðun á verðlagningu innanlandsflugs hafi skilað skýrslu, hefur ekkert áunnist í því að endurskoða óhóflega verðlagningu á innanlandsflugi. Fundurinn skorar á hlutaðeigandi flugrekstraraðila og ríkisstjórn að grípa þegar í stað til aðgerða hvað þetta brýna hagsmunamál landsbyggðanna varðar. Áfram er lögð áhersla á áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengiflugi við Akureyri og mikilvægt er að veita áfram nægjanlegu fjármagni til viðhaldsframkvæmda á Vopnafjarðarflugvelli. Fundurinn fagnar því að nú skuli sjá til lands hvað varðar lagningu bundins slitlags á Norðfjarðarflugvöll þannig að hann megi þjóna sjúkraflugi sem best.

### **Reykjavíkurlflugvöllur**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 áréttar fyrri ályktanir um mikilvægi þess að staðsetning Reykjavíkurlflugvallar haldist óbreytt. Ætli Reykjavík að standa undir nafni sem

höfuðborg alls landsins er mikilvægt að ráðamenn geri sér grein fyrir þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna þarf að sækja nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum.

Einnig hvetur fundurinn samgönguyfirvöld til þess að huga að uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurlflugvöll til að tryggja samþættingu allra samgangna innanlands.

### **Samgöngumál – jarðgöng og vegagerð**

#### **Jarðgangagerð**

Aðalfundur SSA, haldinn á Djúpavogi dagana 2. og 3. október 2015, leggur þunga áherslu á þá sameiginlegu framtíðarsýn að byggðir á Mið-Austurlandi, Fjarðabyggð, Seyðisfjörður og Fljótsdalshérað, verði tengdar saman með samgöngum til þess að rjúfa vetrareinangrun og efla framtíðarmöguleika svæðisins sem eins atvinnu- og þjónustusvæðis.

Fundurinn telur brýnt að tryggja strax á fjárlögum næsta árs fjármagn til að ljúka nauðsynlegum rannsóknum vegna jarðganga undir Fjarðarheiði á milli Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar, sem er forgangsverkefni í jarðgangnagerð á Austurlandi, enda aðstæður íbúa á Seyðisfirði slíkar á vetrum að ekki verður við það unað lengur. Þá þarf að ráðast í rannsóknir á öðrum gangakostum, á milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar um Mjóafjörð.

Lögð er áhersla á að við gerð og uppsetningu samgönguáætlunar og gerð fjárlaga verði jarðgangagerð og rannsóknir vegna þeirra fjármögnuð með sérstökum hætti þannig að aðrar mikilvægar framkvæmdir í samgöngumálum landshlutans dragist ekki sökum fjárskorts.

#### **Nýframkvæmdir**

a) Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 leggur nú sem fyrr þunga áherslu á að uppbyggingu heilsársvegar um Öxi verði flýtt frá núverandi samgönguáætlun enda um forgangsverkefni að ræða. Jafnframt er ítrekuð fyrri ályktun um að Vegagerðin framkvæmi faglegt mat á legu

Þjóðvegur nr. 1 um Austurland. Óskað er eftir því að vinnu við matið verði hraðað eins og kostur er og niðurstöður þess verði kynntar samgöngunefnd SSA hið fyrsta. Þá er brýnt að lokið verði lagningu slitlags og endurbyggingu eftirtalinna vega; um Breiðdal, Suðurfjarðarveg, Hamarsfjörð og Borgarfjarðarveg til að tryggja umferðaröryggi, ekki síst í ljósi aukins umferðarpunga.

b) Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 fagnar því að samkvæmt þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2015-2018 á að ljúka lagningu slitlags í botni Berufjarðar á næstu fjórum árum og ljúka þar með lagningu slitlags á hringleið um Ísland. Fundurinn krefst þess að þessari framkvæmd verði flýtt og ljúki eigi síðar en í lok árs 2017.

c) Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 fagnar því einnig að í þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2015-2018 er gert ráð fyrir því að hefja lagningu slitlags um Skriðdal á

tímabilinu. Fundurinn treystir því að við það verði staðið.

### **Viðhald vega**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á Alþingi að tryggja mun meira fjármagn til viðhalds vega og vetrarþjónustu í landshlutanum. Sérstök áhersla verði lögð á vetrarþjónustu á vegum svo tryggja megi sem best aðgengi, og þar með öryggi allra íbúa á svæðinu, við fjórðungssjúkrahúsið og við Egilsstaðaflugvöll. Tryggja verður bætt þjónustustig að vetrum, benda má á að hluti þjóðvegur eitt sem liggur um Breiðdalsheiði fær ekki þá vetrarþjónustu sem slíkum vegi ber. Þá er brýnt að hefja endurbyggingu og lagningu slitlags á Upphéraðsvegi um Fell og efri Jökuldal, á vegi um Jökulsárhlíð og Hlíðarveg. Fundurinn skorar á innanríkisráðuneytið og Vegagerðina, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, að endurskoða reglur um helmingamokstur



sem eru nú ákaflega íþyngjandi fyrir þau sveitarfélög sem undir hann falla.

### **Brýr**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 leggur til að bygging nýrrar brúar yfir Lagarfljót við Egilsstaði verði sett í forgang framkvæmda við brúargerð á landinu. Nauðsynlegt er jafnframt að ráðast í áttak til að fækka einbreiðum brúm í landshlutanum.

### **Samgöngumál - almenningssamgöngur**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 telur nauðsynlegt að því lagaumhverfi sem almenningssamgöngur búa við í dag verði breytt þannig að lagalegt umboð til aksturs verði skýrt. Það verður gert með setningu sérstakra laga um almenningssamgöngur. Jafnhliða sé tryggt að almenningssamgöngur verði ekki skattlagðar og því beint til Alþingis að tryggja að sveitarfélög

fái innskatt vegna útvistaðrar akstursþjónustu. Slík lagasetning er skilyrði þess að landshlutasamtök sveitarfélaga komi að slíkum rekstri. Fundurinn óskar eftir viðræðum við ríkisvaldið um stöðu almenningssamgangna fyrir lok fjárlagagerðar ársins 2016. Þá ályktar fundurinn jafnframt að fela stjórn SSA að taka upp viðræður við innanríkisráðuneytið um kostnað sem tengist málaferlum þeim sem sambandið stendur í sem tilkominn er vegna forsendubrests samningsins.

### **Samgöngumál – hafnir og hafnsækin þjónustu**

#### **Hafnir**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir í samræmi við 24. gr. hafnarlaga og tryggðar verði auknar fjárveitingar til Hafnabótasjóðs.



### **Skemmtiferðaskip - ferjur**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 telur mikilvægt að sveitarfélög og hagsmunaaðilar í landshlutanum vinni saman og hafi samráð um markaðsetningu og móttöku skemmtiferðaskipa. Ferju- og skemmtiferðaskipahöfnin á Seyðisfirði hefur sérstöðu í hópi slíkra hafna á Austurlandi. Áframhaldandi sterk markaðssetning áfangastaða landshlutans mun halda áfram að fjölga komum skemmtiferðaskipa og þannig styrkja áfangastaðinn Austurland.

### **Samgöngumál – fjarskipti**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 leggur áherslu á það sanngirnismál að allir íbúar landsins hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli eigi kost á ljósleiðaratengingu sem stenst nútímakröfur. Fundurinn fagnar skýrslu starfshóps um alþjónustu í fjarskiptum og útbreiðslu háhraða nettenginga á Íslandi og þeim markmiðum og þeirri samstarfsleið sem þar er mælt með. Fundurinn hvetur ríkisstjórn og Alþingi til að tryggja nauðsynlegt fjármagn til framkvæmdanna og horft verði til byggðasjónarmiða við forgangsröðun þeirra. Þá er brýnt að tryggja hagsmuni þeirra sveitarfélaga sem reiðubúin eru að ganga frá samningi við ríkið um ljósleiðaravæðingu.

### **Fráveitumál**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 telur brýnt að hraða vinnu við endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp. Teknar verði upp viðræður við ríkið um leiðir til þess að ljúka því verkefni að innleiða tilskipun um fráveitur með fullnægjandi hætti, svo sem með því að fella niður virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga.

### **Svæðisáætlun um meðferð úrgangs**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 hvetur aðildarsveitarfélögin til þess að sameinast um endurskoðun á svæðisáætlun um meðferð úrgangs í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

### **Refa- og minkaveiðar**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 skorar á ríkisvaldið að leggja aukið fjármagn til sveitarfélaga vegna nauðsynlegra refa- og minkaveiða. Kostnaður vegna veiðanna leggst mjög misþungt á sveitarfélög og oft fellur mikill kostnaður á fámenn en landstór sveitarfélög. Fundurinn telur endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna vegna veiðanna verði að koma til framkvæmda eigi síðar en um komandi áramót.

### **Uppbygging á friðlýstum svæðum og aukin áhersla á náttúruvernd og ábyrga umgengi**

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 áréttar að umsjón og eftirlit með friðlýstum svæðum er best fyrirkomið heima í héraði. Fundurinn hvetur sveitarfélög til að skoða hvort friðlýsa eigi svæði sem til þess eru fallin. Samhliða friðlýsingu er mikilvægt að vinna verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir slík svæði svo þau séu í stakk búin til að taka við auknum ferðamannastraumi og ágangi. Fundurinn leggur ríka áherslu á að ríkisvaldið leggi til mun meiri fjármuni til uppbyggingar á friðlýstum svæðum, þannig að sveitarfélög sjái sér í ríkara mæli hag í því að taka að sér umsjá og rekstur slíkra svæða.

Til máls tóku:

Gunnlaugur Stefánsson

Jón Björn

Andrés Skúlason

Gunnlaugur Stefánsson lagði fram breytingartillögu um nýframkvæmdir.

- a) Í a-lið falli út „um forgangsverkefni að ræða“ og í stað komi „næsta stórframkvæmd á Austurlandi“.
- b) Einnig falli út „þá er brýnt“ og inn komi „Afar brýnt er“.
- c) Í b-lið falli út „á næstu 4 árum“.

Arnbjörg Sveinsdóttir

Vilhjálmur Jónsson lagði fram breytingartillögu um að við ályktun um nýframkvæmdir bætist við d-liður:

Afar brýnt er að gætt sé sérstaklega að umferðar-öryggi við nýjar samgönguframkvæmdir og viðhald samgöngumannvirkja.

Einar Már Sigurðsson

Fundarstjóri bar breytingartillögur Gunnlaugs Stefánssonar við tillögu um nýframkvæmdir undir atkvæði. Tillaga a var felld með meginþorra atkvæða á móti 4 atkvæðum. Tillaga b og c voru samþykktar samhljóða.

Breytingartillaga Vilhjálms Jónssonar um að bæta við ályktun um nýframkvæmdir d-lið var samþykkt samhljóða.

Álit umhverfis- og samgöngunefndar borið upp og samþykkt samhljóða

#### Breytingar á samþykktum

Sigrún Blöndal kynnir breytingartillögu á samþykktum.

Stjórn SSA leggur til að 8. grein samþykkt verði þannig breytt að feitletraður texti falli út. Í stað þess standi: Stjórn SSA boði fulltrúa Norðausturkjördæmis á fund sinn ef ástæða þykir til.

8. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs úr sínum röðum formann. Fyrsta og annan varaformann velur stjórn af svæðunum tveim. Mynda þeir framkvæmdaráð SSA, ásamt framkvæmdastjóra. Hann hefur þó eigi atkvæðisrétt á fundum framkvæmdaráðsins, sem fer með málefni SSA á milli stjórnarfunda. Fulltrúi Austfirðinga í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga skal jafnan boðaður á alla stjórnarfundi og aðra sambærilega fundi á vegum SSA með tillögurétt og málfrelsi.

Stjórnin skal vinna að framkvæmd þeirra mála, sem aðal- og fulltrúafundir ákveða, svo og öðrum málefnum, er varða hagsmuni fjórðungsins hverju sinni og/eða til hennar kann að verða vísað. Komi

til óviðráðanlegra forfalla aðalmanna og varanna þeirra skal boða í þeirra stað aðra varamenn á viðkomandi svæði og ella þá varamenn á öðrum svæðum, sem næst búa fundarstað. Hafa slíkir varamenn í þeim tilfellum öll sömu réttindi og aðrir stjórnarmenn þ.m.t. fullan atkvæðisrétt.

Stjórnin skal haga störfum sínum þannig að eigi sjaldnar en einu sinni á reglulegu kjörtímabili sveitarstjórna séu haldnir samráðsfundir hennar og starfsnefnda (sbr. 9 gr.) með öllum sveitarstjórn-um á starfssvæðinu, ýmist með hverri sveitarstjórn fyrir sig eða á sameiginlegum fundum eftir svæðum, sem hún afmarkar sjálf í þessu skyni.

Greinargerð:

Þrátt fyrir ákvæði í samþykktum um að boða skuli fulltrúa Austfirðinga í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundi stjórnar SSA hefur það ekki tíðkast undanfarin ár. Því þykir eðlilegt að aðlaga samþykktir því vinnulagi sem verið hefur. Hins vegar er mikilvægt að stjórn SSA geti haft aðgang að fulltrúa Norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til máls tóku:

Gunnhildur Ingvarðóttir og lagði fram breytingartillögu við 8. greinina.

Fulltrúi Norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, búsettur á starfssvæði SSA, skal jafnan boðaður á stjórnarfundi á vegum SSA með tillögurétt og málfrelsi.

Sigrún Blöndal

Stefán Bogi Sveinsson leggur fram orðalagsbreytingu við tillögu Sigrúnar. Við hana bætist: „þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári“.

Tillaga Stefáns Boga borin upp, samþykkt með meginþorra atkvæða.

Tillaga Sigrúnar borin upp með breytingum Stefáns Boga, samþykkt með meginþorra atkvæða.

Samþykktir SSA bornar upp í heild sinni og samþykktar samhljóða.

#### Kosningar

Gunnlaugur Stefánsson flutti tillögur kjörnefndar, þingskjal nr. 20.

#### Stjórn SSA, 7 aðalmenn og 7 til vara:

Norðursvæði:

- Sigrún Blöndal, Fljótsdalshérað  
- Gunnar Jónsson, Fljótsdalshérað
- Margrét Guðjónsdóttir, Seyðisfjörður  
- Jakob Sigurðsson, Borgarfjarðarhreppur
- Stefán Grímur Rafnsson, Vopnafjarðarhr.  
- Eyjólfur Sigurðsson, Vopnafjarðarhreppur
- Suðursvæði:
- Hákon Hansson, Breiðdalshreppur  
- Svandís Ingólfssdóttir, Breiðdalshreppur
- Andrés Skúlason, Djúpavogshreppur  
- Sóley Dögg Birgisdóttir, Djúpavogshreppur
- Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð  
- Dýrunn Pála Skaftadóttir, Fjarðabyggð
- Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð  
- Pálína Margeirsdóttir, Fjarðabyggð (flakkari)

#### Skoðunarmenn reikninga, 2 aðalmenn og 2 til vara

Aðalmenn:

Þórunn Hálfðánardóttir  
Gunnlaugur Guðjónsson

Til vara:

Ólafía Stefánsdóttir  
Ómar Bogason

#### Endurskoðunarfyrtæki

Deloitte

#### Stjórn Haust:

Vegna flutnings aðalfulltrúa Fjarðabyggðar úr sveitarfélaginu, ósk um lausn frá varamannsstöðu:

Af miðsvæði:

Aðalmaður: Jón Björn Hákonarson

Varamaður: Esther Ösp Gunnarsdóttir

Af norðursvæði vegna forfalla Lilju Kristjánsdóttur, Vopnafjarðarhreppi, aðalmanns: Sandra Konráðsdóttir, Vopnafjarðarhreppi.

#### Tillaga vegna kosningar aðalmanna í stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands:

Lagt er til í ljósi samþykktar sveitarfélaganna á starfssvæði SSA, sem eru eigendur sjóðsins, frá því í desember 2014 þar sem ákveðið var að tvöfalt árgjald sveitarfélaganna árin 2016, 2017, 2018 rynni óskipt til annars vegar markaðssetningar Egilsstaðarflugvallar og hins vegar til fjárhagslegar endurskipulagningar Austurbrúar að stjórn SSA sé falin stjórn sjóðsins. Þá um leið eru stjórnarmenn í sjóðnum leystir frá störfum sínum fyrir hann. Kosnið verður aftur í stjórn sjóðsins á aðalfundi SSA 2018 ef aðrar ákvarðanir hafa ekki verið teknar um framtíð hans á þeim vettvangi.

Tillaga um stjórnarkjör samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um endurskoðendur, varaendurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um nýja stjórnar- og varamenn í Haust skoðast kjörnir samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um Atvinnuþróunarsjóð samþykkt samhljóða.

#### 11. Menningarstarf á Austurlandi

##### Árangur í 14 ár

Signý Ormarsdóttir fór yfir sögu menningarsamninga við ríkið á Austurlandi.

##### Nýr samningur um sóknaráætlun

Hanna Dóra Hólm Másdóttir, formaður stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.

Bar fundarmönnum kveðju frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Hún fór yfir markmið með sóknaráætlun og þeirra samninga sem gerðir hafa verið en það er að styrkja svæði með verkefnum sem tryggja störf og uppbyggingu á landsbyggðinni.

##### Ný sóknaráætlun Austurlands

Efva Hlín Pétursdóttir, verkefnastjóri Austurbrúar kynnti nýja sóknaráætlun Austurlands.

#### 12. Fundarslit

Vilhjálmur Jónsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði Djúpavogshreppi fyrir góðar móttökur og góðan fund og bauð Seyðisfjörð sem vettvang aðalfundar SSA að ári. Boðið þakkað með lófaklappi.





*Menningarverðlaun SSA 2015 féllu í skaut Rúllandi snjóbolta 6/Djúpivogur og tók Alfa Freysdóttir, verkefnisstjóri á móti þeim í hátíðarkvöldverði aðalfundarins. Rúllandi snjóbolta/6, Djúpivogur er samstarfsverkefni Djúpavogshrepps og CEAC (Chinese European Art Center) í Xiamen, Kína.*

Sigrún Blöndal þakkaði fundarmönnum fyrir skemmtilega samveru. Hún þakkaði Gauta Jóhannessyni og sveitarstjórn Djúpavogshrepps góðar móttökur og gott skipulag, fundarstjórum og fundarriturum fyrir vel unnin störf og þáði að lokum boð Seyðfirðinga um að aðalfundur SSA yrði haldinn þar að ári.

Fundi slitið kl. 13:13.

Samþykkt að fundarritarar og fundarstjórar gangi sameiginlega frá fundargerð.

**Fundarstjórar:**

Páll Baldursson  
Sigurjón Bjarnason

**Fundarritarar:**

Sóley Dögg Birgisdóttir  
Þorbjörg Sandholt

# Skýrsla stjórnar

Starfsárið 2015 - 2016

Til 50. aðalfundar SSA 7. - 8. október 2016

## Aðalfundur 2015

Á 49. aðalfundi SSA sem haldinn var á Djúpavogi dagana 2. og 3. október 2015 voru eftirtaldir kosnir í stjórn SSA starfsárið 2015-2016:

### Aðalmenn

Andrés Skúlason  
Eydís Ásbjörnsdóttir  
Hákon Hansson  
Jón Björn Hákonarson  
Margrét Guðjónsdóttir  
Sigrún Blöndal  
Stefán Grímur Rafnsson

### Varamenn

Sóley Dögg Birgisdóttir  
Pálína Margeirsdóttir  
Svandís Ingólfssdóttir  
Dýrunn Pála Skaftadóttir  
Jakob Sigurðsson  
Gunnar Jónsson  
Eyjólfur Sigurðsson

Á fyrsta fundi stjórnar var Sigrún Blöndal kjörin formaður, fyrsti varaformaður Jón Björn Hákonarson og annar varaformaður Margrét Guðjónsdóttir. Eiga þau því samhlíða sæti í framkvæmdaráði stjórnar SSA.

Ein nefnd starfar á vegum SSA milli aðalfunda. Átta manna nefnd um samgöngumál þar sem fulltrúar koma frá öllum sveitarfélögum á Austurlandi. Finna má upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar inn á heimasíðu SSA – [www.ssa.is](http://www.ssa.is).

Eins og komið hefur fram var aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi. Líkt og á fyrri fundum var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta landshlutann í heild.

## STJÓRNAR- OG FRAMKVÆMDARÁÐSFUNDIR

Á milli aðalfunda 2015-2016 sem skýrsla þessi tekur yfir og telst starfsár sambandsins voru haldnir alls 12 stjórnarfundir og 7 framkvæmdaráðsfundir. Fundirnir voru ýmist haldnir á Egilsstöðum eða Reyðarfirði, utan einn sem haldinn var á Borgarfirði eystra. Auk þess hittist stjórnin á vinnufundi á Seyðisfirði í tengslum við aðalfund. Starf stjórnar var hefðbundið og líkt og fyrri ár snerta verkefni stjórnarinnar flesta þætti austfirskis samfélgs.

Samþykktir aðalfundar tóku á þeim málum sem fulltrúar á fundinum telja mikilvæg landshlutanum þannig að gott mannlíf geti blómstrað.

Fundargerðir stjórnar og ályktanir aðalfundar sem og samþykktir samgöngunefndar má finna inn á heimasíðu SSA.

## STARFSMANNNAHALD Á SKRIFSTOFU

Skrifstofa sambandsins er í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum. Bókhald SSA er unnið af fjármálasviði Austurbrúar og Skrifstofuþjónustu Austurlands, endurskoðunarfyrtækið Deloitte á Egilsstöðum sinnir skoðun reikninga. Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála á skrifstofu SSA sinnir daglegum verkefnum á vegum sambandsins í samráði við stjórn SSA. Starfsemin er margþætt, má þar nefna umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi, vinnu við sóknaráætlun landshluta, samskipti við önnur landshlutasamtök, samskipti við starfsmenn Stjórnarráðsins, sveitarstjórnarmenn á starfssvæði SSA, starfsmenn Austurbrúar og íbúa Austurlands, auk þess sem SSA heldur utan um rekstur almenningssamgangna á Austurlandi í samstarfi við Austurbrú.

## SAMSKIPTI VIÐ ÞINGMENN

Samskipti við þingmenn kjördæmisins eru regluleg, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Landshlutahtutasamtökin eru þannig byggð upp

að samskipti milli kjörinna fulltrúa á Alþingi og stjórnarmanna sambandsins eru mjög regluleg. Þingmenn halda kjördæmafundi sem skipulagðir eru af verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála. Þar koma til fundar við þingmenn sveitarstjórnarfólk, framkvæmdastjórar helstu stofnana landshlutans og stjórnarmenn SSA. Formaður og verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála áttu fundi með ráðuneytum, ráðherrum, fjárlaganefnd, þingmönnum kjördæmisins og forsvarsmönnum hinna ýmsu stofnana þar sem farið var yfir samþykktir aðalfundar SSA og önnur þau mál sem stjórn SSA taldi mikilvægt að ræða við viðkomandi aðila.

#### **SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA**

Sambands íslenskra sveitarfélaga gengst fyrir fundum og ráðstefnum sem fulltrúar SSA sækja eftir því sem við á. Þó eru ákveðnar ráðstefnur sem fulltrúar sambandsins sækja árlega, s.s. fjármálaráðstefna og landsþing þau ár sem það er haldið. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur aukið þjónustu sína við sveitarfélögin jafnt og þétt og er þjónusta þess landshlutasamtökum mikilvæg.

#### **LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA**

Starf landshlutasamtaka sveitarfélaga byggir tilveru sína á ákvæði 97. gr. sveitarstjórnarlaga nr.138/2011 þar sem segir:

„Sveitarfélögum er heimilt að starfa saman innan staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna í hverjum landshluta. Starfssvæði landshlutasamtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu. Landshlutasamtök skulu þó aldrei vera fleiri en átta á landinu öllu. Sveitarfélög sem liggja innan starfssvæðis landshlutasamtaka eiga rétt á aðild að þeim. Ráðuneyti og opinberar stofnanir skulu ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasamtaka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega. Landshlutasamtök geta með samningum eða samkvæmt heimildum í sérlögum tekið að sér verkefni

eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr., svo sem verkefni tengd byggðabróun eða öðrum sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga.“

Samskipti milli starfsmanna landshlutasamtakanna eru sífellt að aukast enda hefur verkefnum sem samtökin koma að fjölgað í gegnum árin. Þar má nefna almenningssamgöngur sem er mikið hagsmunamál fyrir landsbyggðina og mikilvægt að gæta hagsmuna landshlutasamtakanna gagnvart ríkisvaldinu bæði á fjárhagslegu sviði og lagalegu. Vinna við stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2017-2023 hófst á starfsárinu en þar að auki koma landshlutasamtökin að vinnu við samgöngu- og fjarskiptaáætlun fyrir árin 2015-2026. Þannig var vinna við Ísland ljósvætt 2020 áberandi á starfsárinu.

Skipting fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna í landshlutanum er eitt af viðfangsefnum landshlutasamtakanna. Fulltrúar SSA hafa lagt ríka áherslu á að við skiptingu fjármagns sé tekið tillit til mismunandi aðstæðna landshlutanna, svo sem hvað varðar fjarlægð og þéttleika byggðar.

Haldnir eru þrír reglulegir fundir um hin ýmsu mál; haustfundur, vorfundur og sumarfundur þar sem ákveðin mál eru tekin sérstaklega fyrir. Að þessu sinni var sumarfundurinn haldinn á vegum SSA á Fljótsdalshéraði þar sem formaður stjórnar SSA og verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála voru gestgjafar.

#### **HELSTU VERKEFNI SSA Á STARFSÁRINU**

##### **Samningur um sóknaráætlun**

Stjórn SSA vann að framkvæmd samnings um sóknaráætlun 2015-2019 á starfsárinu. Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði Austurlands í ársbyrjun 2016, skilgreind voru áhersluverkefni fyrir landshlutann á árinu 2016 og sóknaráætlunin, þróunaráætlun Austurlands, endurskoðað. Boðað var til opinis íbúafundar sem var mjög vel sóttur en endurskoðun sóknaráætlunarinnar var endanlega í höndum fulltrúa í samráðsvettvangi. Náíð samstarf hefur verið við stýrihóp Stjórnarráðsins um

byggðamál auk þess sem verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sat fundi stýrihópsins sem fulltrúi landshlutasamtaka. Brýnt er að tryggja aukið fjármagn til samningsins svo unnt sé hrinda í framkvæmd markmiðum hans.

### **Svæðisskipulag Austurlands**

Eitt áhersluverkefna sóknaráætlunar á árinu 2016 var svæðisskipulag Austurlands. Settur var á fót starfshópur, sem skipaður var fulltrúum allra sveitarfélaga en hann hafði það verkefni að ganga úr skugga um vilja aðildarsveitarfélaga SSA til að ráðast í verkefnið af heilum hug, skilgreina helstu notendur skipulagsáætlunarinnar, notkun skipulagsáætlunarinnar, ákveða umfang skipulagsáætlunarinnar, skilgreina helstu viðfangsefni, helstu þátttakendur í skipulagsferlinum og áhuga svið þeirra sem og tímaáætlun og kostnaðaráætlun. Starfshópurinn lagði fram tillögu í byrjun júní sem send var til umsagnar og samþykkis

sveitarfélaganna. Þegar það lá fyrir var skipuð svæðisskipulagsnefnd og auglýst eftir verkefnastjóra fyrir verkefnið.

### **50 ára afmæli SSA**

Á þessu ári eru 50 ár liðin frá stofnun landshlutasamtakanna. Stofnfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi var haldinn í Egilsbúð í Neskaupstað dagana 8.-9. október 1966. Þar var samþykkt að stofna til samtaka austfirskra sveitarfélaga en alls sóttu fundinn 28 fulltrúar frá 15 sveitarfélögum. Þá voru einnig samþykkt lög fyrir SSA þar sem fram kemur að markmið sambandsins skuli vera að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum. Í dag eiga öll átta sveitarfélögin á starfssvæði SSA, frá Djúpavogi í suðri til Vopnafjarðar í norðri, aðild að landshlutasamtökunum.



Í tilefni þessara tímamóta stóð SSA fyrir afmælistíðingum í Egilsbúð um uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi. Aðalfyrirlesari á málþinginu var Frank Rennie, prófessor í sjálfbærri þróun í dreifbýli við University of Highlands and Islands í Skotlandi. Rannsóknir hans hafa einkum beinst að námi á netinu og kostum nettinga fyrir sjálfbæra uppbyggingu á landsbyggðinni. Auk hans fluttu erindi Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, Sæunn Stefánsdóttir, forstöðukona Stofnunar rannsóknarsetra Háskóla Íslands, Kristín Ágústsdóttir, forstöðukona Náttúrustofu Austurlands, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri háskólanáms og rannsókna hjá Austurbrú, Elísabet Erlendsdóttir, formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík og Þórarinn Sólmundarson, skrifstofustjóri við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þá var boðið upp á málstofu um svæðisskipulag þar sem Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri

Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu flutti fyrirlestur.

Í lok fundarins var tilkynnt um stofnun þriggja manna starfshóps sem hefur það verkefni að skilgreina þrjú verkefni á þessu sviði sem ráðist verði í innan fimm ára. Fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, University of Highlands and Islands, Háskólans á Akureyri, Háskóli Íslands, Náttúrustofu Austurlands og Austurbrúar undirrituðu viljayfirlýsingu um að mynda fagræð til stuðnings starfshópinum. Tillögur starfshópsins verða til umræðu á aðalfundi SSA á Seyðisfirði.

#### **Brothættar byggðir**

SSA á fulltrúa í verkefnisstjórn „Brothættra byggða“ sem fjallar um málefni Breiðdalshrepps. Verkefnið er leitt af Byggðastofnun. Reglulegir fundir voru haldnir í verkefnisstjórninni auk þess sem sérstakur starfsmaður Austurbrúar hélt utan um verkefnisstjórn í Breiðdalshreppi.



### **Samgöngunefnd SSA**

Samgöngunefnd hélt fjóra fundi á árinu. Á þeim fundum er farið yfir verkefni sem brýn eru í samgöngumálum. Þá er fundað með fulltrúum Vegagerðarinnar og fagráðuneytis um þau verkefni sem á döfinni eru í landshlutanum.

### **Almenningssamgöngur á Austurlandi**

Skipulag og rekstur almenningssamgangna á Austurlandi heyrir undir starfssvið SSA og er í höndum verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála. Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægur þáttur í eflingu byggðar, þar sem fólk getur ferðast milli staða/landshluta með heildstæðu skipulögðu kerfi. Ef svo mikilvægt verkefni á að vera á ábyrgð landshlutasamtakanna verður hið opinbera að tryggja lagaumhverfi sem og nauðsynlegt fjármagn þannig að hægt sé að koma á fót heildstæðu kerfi og rekstri almenningssamgangna um hinar dreifðari byggðir landsins. SSA stendur í málaferlum í tengslum við rekstur almenningssamgangna á Austurlandi, ekki sér fyrir endann á þeim. Á árinu var skipaður starfshópur sem hafði það hlutverk að ræða um framtíðarfyrirkomulag almenningssamgangna á Austurlandi og hverjum þær eigi að þjóna. Tillaga starfshópsins verður til umfjöllunar á aðalfundi SSA á Seyðisfirði.

### **Samskipti SSA og HAUST (Heilbrigðiseftirlits Austurlands)**

Sveitarfélögin standa að rekstri byggðasamlags um rekstur HAUST og skipa í heilbrigðisnefnd. Ítarlega ársskýrslu HAUST fyrir starfsárið 2014, má nálgast á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands - [www.haust.is](http://www.haust.is).

### **Atvinnuþróunarsjóður Austurlands**

Í ljósi samþykka sveitarfélaganna á starfssvæði SSA, sem eru eigendur sjóðsins, frá því í desember 2014 þar sem ákveðið var að tvöfalt árgjald sveitarfélaganna árin 2016, 2017 og 2018, rynnir óskipt til annars vegar markaðssetningar Egilsstaðarflugvallar og hins vegar til fjárhagslegar endurskipulagningar Austurbrúar, var samþykkt á

aðalfundi landshlutasamtakanna árið 2015 að fela stjórn SSA stjórn sjóðsins. Um leið voru stjórnarmenn í sjóðnum leystir frá störfum sínum fyrir hann. Kosið verður aftur í stjórn sjóðsins á aðalfundi SSA 2018 ef aðrar ákvarðanir hafa ekki verið teknar um framtíð hans á þeim vettvangi.

### **Lokaorð**

Samantekt þessi fjallar um nokkur þeirra fjölmörgu málefna sem stjórn SSA kom að á starfsárinu. Verkefnum sambandsins fjölga og mun fyrirsjáanlega halda áfram að fjölga ef áætlanir hins opinbera um samninga um sóknaráætlanir ná fram að ganga. Enn er rétt að ítreka lokaorð ársskýrslu SSA frá því í fyrra um að mikilvægi þess að unnið verði að því af hálfu landshlutasamtakanna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkis hvaða sess landshlutasamtökin eigi að hafa til framtíðar í stjórn-sýslu ríkis og sveitarfélaga. Allar nánari upplýsingar um verkefni SSA er að finna í fundargerðum stjórnar SSA og framkvæmdaráðs, sem finna má á heimasíðu SSA.

Ég vil að lokum þakka stjórn SSA, sveitarstjórnarmönnum á Austurland, starfsfólki Austurbrúar og öðru samstarfsfólki gott og gefandi samstarf á liðnu starfsári.

F.h. stjórnar SSA,  
Sigrún Blöndal, formaður







# **Samband sveitarfélaga á Austurlandi**

---

Ársreikningur

---

**2015**

## Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

### Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slik könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Ábending

Án þess að gera fyrirvara við ofangreint álit okkar vekjum við athygli á skýringu nr. 6 í ársreikningnum, en þar er gerð grein fyrir skadabótakröfu vegna lögbanns, en óvissa ríkir um endanlega niðurstöðu málsins.

Egilsstaðir, 19. apríl 2016

**Deloitte ehf.**

  
Sigurður Alfreð Sigurðarson  
endurskoðandi

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Egilsstaðir, 19. apríl 2016

Í stjórn

*Sigrún Þorvald*  
*Ólafur Arnar Rafnsson*  
*Margrét Ragnarsdóttir*  
*Andri Þorsteinsson*

*Hákon Hannsson*  
*Eydis Ásbjörnsdóttir*

Framkvæmdastjóri

*Ólafur Þorsteinsson*  
*Jón-A. Þorsteinsson*

## Áritun skoðunarmanna

---

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2015. Við höfum ritað stjórn SSA erindi með örfáum ábendingum um það sem betur mætti fara. Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 15. apríl 2016

*Gunnlaugur Guðjónsson*  
Gunnlaugur Guðjónsson

*Þórunn Hálfðanardóttir*  
Þórunn Hálfðanardóttir

## Rekstrarreikningur 2015

	Skýr	2015	Áætlun 2015	2014
<b>TEKJUR</b>				
Framlög sveitarfélaga.....	8	22.731.282	10.031.280	9.800.001
Framlög ríkis og jöfnunarsjóðs.....	9	124.329.072	129.437.667	62.717.792
Tekjur vegna almenningssamgangna.....	10	52.622.665	53.540.285	51.980.859
		<u>199.683.019</u>	<u>193.009.232</u>	<u>124.498.652</u>
<b>REKSTRARKOSTNAÐUR</b>				
Verkefnastjórn, laun og launatengdur kostn.....	11	17.602.889	14.213.759	13.799.766
Annar stjórnunarkostnaður.....	12	7.179.649	10.115.000	8.375.874
Funda- og ferðakostnaður.....	13	6.130.827	8.250.000	7.749.856
Sérverkefni.....	14	154.734.602	158.684.596	82.741.157
		<u>185.647.967</u>	<u>191.263.355</u>	<u>112.666.653</u>
<b>Afkoma fyrir vexti</b>		14.035.052	1.745.877	11.831.999
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)</b>				
Vaxtatekjur.....		928.741	500.000	473.192
Vaxtagjöld.....		-39.550	0	-40.767
		<u>889.191</u>	<u>500.000</u>	<u>432.425</u>
<b>Afkoma af reglulegri starfsemi</b>		14.924.243	2.245.877	12.264.424
<b>ADRIR REKSTRARLIDIR</b>				
(Hækkun) lífeyrisskuldbindingar.....		-5.644.198	-1.603.165	-1.603.165
		<u>-5.644.198</u>	<u>-1.603.165</u>	<u>-1.603.165</u>
<b>Rekstrarafkoma á árinu</b>		<u>9.280.045</u>	<u>642.712</u>	<u>10.661.259</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr	2015	2014
<b>PENINGALEGAR EIGNIR</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Krafa á Ríkissjóð vegna AST.....	6.	0	2.000.000
Krafa vegna lögbanns.....	6.	7.000.000	7.000.000
Skammtímakröfur.....	4	18.519.514	10.273.359
Handbært fé.....	4	81.852.951	40.801.635
		<u>107.372.465</u>	<u>60.074.994</u>
<b>SKULDIR</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreiddur rekstrarkostnaður.....		-18.750.315	-6.922.087
Ógreitt vegna Uppbyggingarsjóðs.....		-20.545.000	0
		<u>-39.295.315</u>	<u>-6.922.087</u>
<b>Peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga</b>		68.077.150	53.152.907
<b>SKULDBINDINGAR:</b>			
Lífeyrisskuldbindingar.....	6	-69.756.956	-64.112.758
		<u>-69.756.956</u>	<u>-64.112.758</u>
<b>Peningaleg staða samtals</b>		<u>-1.679.806</u>	<u>-10.959.851</u>
<b>ADRIR LIÐIR</b>			
Eiginfjárlíðir (neikvæðir).....	5	1.679.806	10.959.851
		<u>1.679.806</u>	<u>10.959.851</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi 2015

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
<b>REKSTRARHREYFINGAR</b>		
Afkoma af reglulegri starfsemi.....	14.924.243	12.264.424
<b>Veltufé frá rekstri</b>	14.924.243	12.264.424
<b>Breytingar á skammtímalíðum</b>		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....	-6.246.155	-1.925.610
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....	32.373.228	-182.296
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	41.051.316	10.156.518
Hækkun handbærs fjár.....	41.051.316	10.156.518
Handbært fé í ársbyrjun.....	40.801.635	30.645.117
<b>Handbært fé í lok ársins</b>	<u>81.852.951</u>	<u>40.801.635</u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) eru ein af átta landshlutasamtökum sveitarfélaga á Íslandi og starfa á grundvelli laga nr. 45/1998 um sveitarfélög. Starfssvæði SSA nær frá Vopnafjarðarhreppi í norðri til Djúpavogshrepps í suðri.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur SSA fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum, gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og í íslenskum krónum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 er sýnd til samanburðar í sundurliðunum með ársreikningnum, svo og í rekstrarreikningi.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skattamál

Stofnunin er undanþegin tekjuskatti.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Ekki er talin ástæða til sérstakrar niðurfærslu krafanna.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að stofnunin verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

## 3. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2015	31.12.2014
<b>Skammtímafröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	5.154.026	9.560.112
Virðisaukaskattur .....	665.488	713.247
Óinnheimt framlög Jöfnunarsjóðs .....	12.700.000	0
	<u>18.519.514</u>	<u>10.273.359</u>
<b>Handbært fé</b>		
Vaxtareikningur Landsbanka Íslands .....	25.448.135	8.907.520
Veltureikningar .....	56.404.816	31.894.115
	<u>81.852.951</u>	<u>40.801.635</u>

## Skýringar

---

### 4. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	2015	2014
Eigið fé frá fyrra ári.....	-10.959.851	-21.621.110
Afkoma ársins.....	9.280.045	10.661.259
	<u>-1.679.806</u>	<u>-10.959.851</u>

### 5. Lífeyrisskuldbindingar

Á SSA hvílir skuldbinding vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna. Gerð hefur verið tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingunni. Samkvæmt þeim útreikningi tryggingasérfræðings nemur hún 69,8 m.kr. króna í árslok 2015, og hefur hækkað um 5,6 m.kr. á árinu. Skuldbindingin er færð í ársreikninginn og hækkan hennar gjaldferð meðal annarra rekstrarliða í rekstrarreikningi. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga á árinu 2015 námu kr. 3.150.613, en kr. 2.816.147 á fyrra ári.

### 6. Skaðabótakrafa vegna lögbanns

18. júlí 2012 fór SSA fram á lögbann vegna reglubundinna fólksflutninga Sternu á leiðinni milli Hafnar og Egilsstaða, þar sem SSA taldi sig hafa sérleyfi á þessari leið. Lögbanninu var hnekk með dómi héraðsdóms 6. maí 2013. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og úrskurðaði hann þann 28. nóvember 2013 Sternu í vil. Sterna hefur höfðað skaðabótamál gegn SSA, krafist var skaðabóta upp á ríflega 475 millj. SSA hefur stefnt Vegagerðinni inn í málið. Dómskvaddur matsmaður skilaði niðurstöðu sinni nú í febrúar 2016 og var hún hærri en bótakrafa stefnenda. Sterna framhaldsstefndi og hækkaði kröfur sínar. Dómkrafan er nú 589 milljónir króna. Gerð hefur verið krafa um að matsmanni verði gert að endurskoða og endurmeta matsgerð sína og verður flutningur um þá kröfu nú í apríl. Lögð hefur verið fram krafa um frávisun á framhaldssök, vænta má afgreiðslu á henni nú í vor. Óvissa er um hvenær þessum málaferlum ljúki og einnig ríkir óvissa um endanlega niðurstöðu þessa máls, en þær 7 milljónir sem SSA greiddi sem tryggingu fyrir hugsanlegu tjóni Sternu eru enn færðar meðal eigna í ársreikningi SSA og ekkert hefur verið fært til gjalda til að mæta hugsanlegu tjóni. Falli dómur Sternu í vil má ljóst vera að veruleg óvissa mun ríka um rekstrarhæfi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.



## Skýringar

---

### 7. Sérgreindar tekjur og gjöld

	Almennur rekstur	Sóknariæthun	Almennings- samgöngur	Samtals
Rekstrartekjur .....	35.723.355	111.336.999	52.622.665	199.683.019
Samtals	35.723.355	111.336.999	52.622.665	199.683.019
Verkefnastjórn, laun og launatengd gjöld .....	-17.137.399	-465.490	0	-17.602.889
Annar stjórnunarkostnaður .....	-8.066.722	0	0	-8.066.722
Funda- og ferðakostnaður .....	-5.243.754	0	0	-5.243.754
Sérverkefni .....	-650.000	-108.700.000	-45.384.602	-154.734.602
Samtals	-31.097.875	-109.165.490	-45.384.602	-185.647.967
Fjármunatekjur .....	812.889	0	348.028	1.160.917
Fjármagnsgjöld.....	-194.945	0	-76.781	-271.726
Samtals	617.944	0	271.247	889.191
(Hækkun) lífeyrisskuldbindingar.....	-5.644.198	0	0	-5.644.198
<b>Rekstrarafkoma á árinu</b>	<b>-400.774</b>	<b>2.171.509</b>	<b>7.509.310</b>	<b>9.280.045</b>

## Sundurliðanir

	2015	Áætlun 2015	2014
<b>8. Framlög Sveitarfélaga</b>			
Framlög sveitarfélaga .....	10.031.282	10.031.280	9.800.001
Framlög sv. v/sóknaráætlun (menningarsamn. svf).....	12.700.000	9.836.000	0
	<u>22.731.282</u>	<u>19.867.280</u>	<u>9.800.001</u>
<b>9. Framlög ríkis og jöfnunarsjóðs</b>			
Framlög ríkis vegna sóknaráætlunar .....	95.667.737	95.167.737	38.283.862
Framlög jöfnunarsjóðs (lögbindið framlag).....	25.192.073	24.433.930	24.433.930
Framlög jöfnunarsjóðs vegna sóknaráætlunar .....	3.469.262	0	0
	<u>124.329.072</u>	<u>119.601.667</u>	<u>62.717.792</u>
<b>10. Aðrar tekjur og framlög</b>			
Framlög v/ almenningssamgangna.....	52.622.665	53.540.285	51.980.859
	<u>52.622.665</u>	<u>53.540.285</u>	<u>51.980.859</u>
<b>11. Verkefnastjórn, laun og launatengdur kostnaður</b>			
Verkefnastjórn sveitarstjórnarmála.....	12.627.506	10.162.453	0
Laun og tengd gjöld v/AST og almenningssamg. ....	0	0	9.866.459
Laun stjórnar, formanns og nefnda .....	3.701.056	3.165.607	3.073.405
Laun nefnda vegna sóknaráætlun.....	465.490	0	0
Mótframlag til lífeyrissjóða.....	356.026	372.117	361.279
Starfsmannatryggingar og stéttarfélagsgjöld.....	5.091	19.801	19.224
Tryggingagjald.....	447.720	493.781	479.399
	<u>17.602.889</u>	<u>14.213.759</u>	<u>13.799.766</u>
<b>12. Annar stjórnunarkostnaður</b>			
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga.....	3.150.613	2.800.000	2.816.147
Þjónustusamningur við Austurbrú.....	1.517.852	2.300.000	1.912.322
Póstur, burðargjöld, sími.....	102.482	70.000	55.498
Endurskoðun og reikningsskil.....	1.611.455	1.300.000	1.314.355
Lögfræði- og málskostn. v/almenningssamgangna.....	19.950	2.500.000	1.372.800
Heimasíða.....	41.732	30.000	28.301
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	86.800	110.000	109.896
Pappír, prentun og ritföng.....	36.718	125.000	126.627
Tímarit og fræðibækur.....	14.853	45.000	43.074
Ýmsir styrkir.....	360.000	360.000	360.000
Gjafir vegna afmæla o.fl. ....	81.012	50.000	0
Auglýsingar.....	143.106	350.000	204.357
Þjónustugjöld banka.....	13.076	5.000	2.595
Annað.....	0	70.000	29.902
	<u>7.179.649</u>	<u>10.115.000</u>	<u>8.375.874</u>

## Sundurliðanir

	2015	Áætlun 2015	2014
<b>13. Funda- og ferðakostnaður</b>			
Akstur framkvæmdastjóra og skrifstofufólks.....	22.968	1.500.000	835.200
Aðalfundur.....	2.160.815	2.500.000	2.511.584
Stjórnarfundir.....	494.096	300.000	174.463
Dagpeningar.....	207.860	200.000	530.200
Akstur vegna stjórnarfunda.....	1.660.076	1.200.000	1.301.752
Annar ferða- og fundakostnaður.....	1.284.787	2.250.000	2.165.120
Samstarf landshlutasamtaka.....	232.725	200.000	158.400
Ráðstefnur o.fl.....	67.500	100.000	73.137
	<u>6.130.827</u>	<u>8.250.000</u>	<u>7.749.856</u>
<b>14. Sérverkefni</b>			
Miðstöð menningafræða og Breiðdalssetur.....	12.800.000	10.003.737	11.858.768
Uppfærsla sóknaráætlun .....	900.000	0	0
Sóknaráætlun umsýsla.....	7.000.000	7.000.000	874.229
Sóknaráætlun 2013 verkefni .....	0	0	6.483.800
Framlög v / almenningsamgangna.....	45.384.602	51.980.859	44.225.942
Héraðsskjalasafn.....	400.000	800.000	0
Áhersluverkefni .....	19.200.000	19.200.000	0
Verkefnastykir (Uppbyggingarsjóður Austurlands).....	58.000.000	58.000.000	19.000.000
Menningarverðlaun SSA.....	250.000	250.000	250.000
Menningarmiðstöðvar .....	10.800.000	10.800.000	0
Annað.....	0	650.000	48.418
	<u>154.734.602</u>	<u>158.684.596</u>	<u>82.741.157</u>

# Heiðursgestur SSA 2015

Þórdís Bergsdóttir, framkvæmdastjóri Ullarvinnslu frú Láru á Seyðisfirði

Í ár er því fagnað að 100 ár eru liðin síðan konur fengu kosningarétt á Íslandi. Það gerðist þó í áföngum og áratugir liðu þar til konur fóru almennt að taka þátt í starfi hreppsnefnda og bjóða sig fram í Alþingiskosningum. Þær sem það gerðu, unnu brautryðjendastarf þar sem smám saman fækkaði þeim sviðum sem konur létu ekki til sín taka á.

Ein þessara kvenna er heiðursgestur okkar í kvöld. Þórdís Bergsdóttir, framkvæmdastjóri Ullarvinnslu frú Láru, fyrrum sveitarstjórnarkona og varabingmaður. Þórdís Bergsdóttir er fædd árið 1929 á Ketilsstöðum á Völlum. Ketilsstaðir eru gamalt sýslumannssetur langt aftur í aldir, í alfaraleið og því oft mannmargt á staðnum. Foreldrar Þórdísar settu upp gistiheimili

og þar aðstoðaði hún þau við að þjónusta gestina ásamt því að hjálpa til við bústörfin. Á Ketilsstöðum voru mannamót og fundarhöld, m.a. fundir hreppsnefndar. Þjóðfélagsumræðan fór því ekki fram hjá Þórdísi ungri. Hún sótti grunnskólanám m.a. á Reyðarfirði og síðar fór hún í Menntaskólann á Akureyri en hafði ekki tók á að ljúka stúdentsprófi.

Þórdís kynntist manni sínum, Tómasi Emilssyni frá Stuðlum í Reyðarfirði. Þau eignuðust sex börn og eru þrír synir þeirra búsettir á Seyðisfirði. Þórdís og Tómas hófu búskap sinn á Ketilsstöðum en fluttu haustið 1959 í Fjarðasel á Seyðisfirði. Árið 1973 keyptu þau síðan reisulegt hús, oft nefnt Herinn þar sem Hjálpræðisherinn átti

það um tíma, og þar býr Þórdís enn.

Þórdís Bergsdóttir hefur ávallt tekið virkan þátt í félagsmálum á Seyðisfirði, m.a. kvenfélagsins og fór snemma að taka þátt í störfum Samvinnuhreyfingarinnar. Þar barðist hún strax fyrir jafnrétti kynjanna og pirraði stundum karlpeninginn þegar hún fylgdi þeim rétti eftir af mikilli festu.

Hún starfaði í Framsóknarflokknum og var á lista flokksins til bæjarstjórnar á Seyðisfirði frá 1962 og síðar á lista flokksins á Austurlandi til Alþingis. Hún var allmörg ár í miðstjórn Framsóknarflokksins og í Félagi framsóknarkvenna. Auk þess sat Þórdís lengi í Skólanefnd Húsmæðraskólans á Hallormsstað og var í stjórn Kaupfélags Héraðsbúa. Hún starfaði með Kvenfélagasambandi Íslands þar sem hún hélt m.a. vel á lofti orlofi húsmæðra. Hún sat í bæjarstjórn Seyðisfjarðar í tólf ár, 1974-1986 og sat þar í mörgum nefndum. Hún sat á Alþingi Íslendinga sem varabingmaður fyrir Jón Kristjánsson 1986. Þórdís var heilbrigðisfulltrúi á Seyðisfirði í fjölda ára.

Þórdís er framkvæmdastjóri Ullarvinnslu frú Láru sem starfrækt hefur verið á Seyðisfirði frá því fyrir 1990 og var upphaflega félagsskapur kvenna á Seyðisfirði, sem varð til við svokallað átaksverkefni milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða.





Fyrirtækið framleiðir gæðaband úr alíslenskri ull fyrir handverks- og listafólk. Þórdís hefur sagt að hún hafi tekið við verkefninu til bráðabirgða en verið með barnið í fanginu fram á þennan dag, í rúm 20 ár. Á ýmsu hefur gengið og þrátt fyrir góðan vilja og stuðning margra gegnum tíðina hefur reksturinn verið erfiður.

Þórdís fékk Hvatningarverðlaun frá Tengslaneti austfirskra kvenna árið 2007 fyrir frumkvæði og áræði í atvinnurekstri. Árið 2012 var Þórdís sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu.

Þórdís er dæmi um konu sem ekki hefur farið troðnar slóðir, hefur tekið virkan þátt í félagsmálum og atvinnurekstri og á sama tíma alið upp sex börn og sinnt heimili. Hún er ein þeirra kvenna sem ruddu brautina fyrir okkur hinar í félagsmálum og stjórnámálum. Það er okkur mikil ánægja að hún er heiðursgestur okkar á aðalfundi SSA og þökkum henni innilega fyrir framlag hennar til samfélagsmála.

Sigrún Blöndal,  
formaður stjórnar SSA







Samband sveitarfélaga á Austurlandi  
Tjarnarbraut 39, 700 Egilsstaðir  
470-3810 | [ssa.is](http://ssa.is) | [ssa@ssa.is](mailto:ssa@ssa.is)

